

Sp.

1036. Skýrsla

iðnaðarráðherra til Alþingis um starfsemi ríkisfyrirtækja og hlutafélaga með ríkisaðild, er tilheyra starfssviði iðnaðarráðuneytisins, árið 1983.

(Lögð fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

FORMÁLI

Skýrsla sú, sem hér er lögð fram á Alþingi, er önnur í röðinni. Á síðast liðnu hausti var sams konar skýrsla lögð fram. Ég hef orðið var við, að þingmenn svo og aðrir aðilar hafa látið í ljósi áhuga á að slík skýrsla verði lögð reglulega fram á Alþingi.

Lögum samkvæmt fer iðnaðarráðherra með málefni ríkisfyrirtækja og flestra hlutafélaga með ríkisaðild á sviði iðnaðar- og orkumála. Í skýrslu þessari er Alþingi gerð grein fyrir starfsemi fyrirtækjanna, afkomu þeirra og fjárhagsstöðu. Einnig er leitast við að meta rekstrarhorfur fyrirtækjanna. Þegar á heildina er litið var rekstur fyrirtækjanna arðvænlegri árið 1983 en var 1982, og horfur í rekstri nær allra fyrirtækjanna eru góðar á þessu ári.

7. maí 1984

Sverrir Hermannsson,
iðnaðarráðherra.

Efnisyfirlit

Hitaveita Suðurnesja
Iðnaðarbanki Íslands h.f.
Íslenska járnblendifélagið h.f.
Jarðboranir ríkisins
Jarðvarmaveitur ríkisins
Kísiliðjan h.f.
Kísilmálmvinnslan h.f.
Lagmetisiðjan Siglósíld
Landssmiðjan
Landsvirkjun
Orkubú Vestfjarða
Rafmagnsveitur ríkisins
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg
Sementsverksmiðja ríkisins
Sjóefnavinnslan h.f.
Steinullarverksmiðjan h.f.
Þörungavinnslan

Hitaveita Suðurnesja.

Hitaveita Suðurnesja var stofnuð með lögum nr. 100 frá 31. desember 1974. Eignaraðild hitaveitunnar er þannig að 7 sveitarfélög á Suðurnesjum eiga samtals 60% og er skipting þeirra innbyrðis eftir höfðatölu sveitarfélaganna 1. desember 1974. Eignarhluti ríkisins er 40%.

Rekstur Hitaveitu Suðurnesja 1983.

Dreifikerfi Hitaveitu Suðurnesja nær nú til allra sveitarfélaga á Suðurnesjum, auk Keflavíkurflugvallar. Einfalt dreifingarkerfi er í öllum sveitarfélögunum en á svæði Keflavíkurflugvallar er tvöfalt lokað dreifikerfi, þ. e. vatnið kemur aftur til endurnýtingar.

Heildarvatnsmagn er selt var í lok ársins nam 27 342 lítrum á mínútu. Ekki er að vænta neinna verulegra breytinga í sölu umfram þetta magn. Búast má við um 3% aukningu í sölu næstu árin, aðallega vegna fólksfjölgunar á svæðinu.

Enn er unnið að endurbótum orkuvers og orkuöflunar búnaðar í Svartsengi. Í Svartsengi er einnig unnið að byggingu kaldavatnsgeymis, sem væntanlega verður tekinn í notkun nú í vor. Í Eldvörpum var boruð 1265 m gufuhola með góðum árangri. Líkur benda til að hitinn í holunni sé um 240°C og gufan næg til að framleiða 20 MW raforku. Hóla þessi var boruð í samvinnu við Landsvirkjun. Ekki er enn ráðið hvenær nýting gufunnar hefist.

Heildarfjárfestingar á árinu voru 34,7 mkr.

Rekstur Hitaveitu Suðurnesja batnaði verulega á árinu. Þannig varð rekstrarhagnaður án fjármagnsgjalda 95,5 mkr. í stað 3,4 mkr. á árinu 1982. Nettó fjármagnsgjöld voru 192,9 mkr., þannig að tap á rekstri Hitaveitu Suðurnesja varð 97,4 mkr. Skýringar á bættri stöðu fyrirtækisins er aðallega að leita í tekjuaukningu vegna fulltengingar Keflavíkurflugvallar.

Keflavíkurflugvöllur kaupir nú um það bil 15% meira vatnsmagn en hinar byggðirnar samtals.

Tekjur af raforkusölu voru 29 mkr. og var það góð búbot fyrir rekstur fyrirtækisins. Ætla má að raforkusala skili góðum arði á næstu árum, ef ekki kemur til óvæntra breytinga. Háþrýstigufa er notuð til að framleiða rafmagn í gufuhverfli. Nú eru þrjú gufuhverflar í gangi og framleiða þeir samtals 8 MW. Orkuverið notar sjálft milli 1 og 2 MW. Önnur raforka, um 6 MW, er seld Landsvirkjun, sem aftur selur hana inn á dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins.

Vert er að geta þess að nú hafa verið afskrifuð um 19% af heildarstofnkostnaði eða um 302 mkr. af 1 615 mkr.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í árslok:

	1983 kr.	1982 kr.
Rekstrartekjur	205 709 771	62 539 000
Rekstrargjöld	110 156 023	59 162 000
Nt. fjármagnstekjur (gjöld)	(192 991 223)	81 699 000
Hagnaður (tap)	(97 437 475)	78 322 000
Eignir	1 366 166 622	894 320 000
Skuldir	1 243 703 717	751 465 000
Eigið fé	122 462 905	142 855 000

Starfslíð hitaveitunnar í árslok 1983 var 35 manns og hafði fjölgað um 5 á árinu.

Rekstrarhorfur fyrir árið 1984.

Gert er ráð fyrir nokkurn veginn hallalausum rekstri á árinu 1984 að undanskildum afskriftum gengisjöfnunarreiknings.

Reiknað er með 37% hækkun tekna, en sú hækkun er að stórum hluta vegna samningsbundinnar hækkunar vatnsverðs til varnarliðsins. Gert er ráð fyrir 10% hækkun vatnsverðs til annarra notenda frá miðju ári 1984. Í undirbúningi er að setja upp heilsustöð í Svartsengi, en sérstakt hlutafélag stendur að þeim undirbúningi.

Áætlað er að leggja í framkvæmdir á árinu fyrir 33,2 mkr., er skiptist í stórum dráttum þannig:

	Mkr.
Gufuöflun	8,4
Rannsóknir	5,0
Kaldavatnsöflun	2,0
Dreifikerfi til nýrra notenda	10,7
Stofnæð í flugstöð	3,3

Ef lítið er lengra fram í tímann, er gert ráð fyrir, að greiðslustaða Hitaveitu Suðurnesja verði góð á árinu 1985 en árin 1986—1988 verði erfið, þar sem þá koma til af fullum þunga afborganir af lánum. Eftir það er bjart framundan í rekstri Hitaveitu Suðurnesja.

Stjórn.

Stjórnarmenn ríkisins frá 30. marz 1984 til næstu þriggja ára eru Ólafur G. Einarsson, alþingismaður, skipaður af fjármálaráðherra, og Jóhann Einvarðsson, aðstoðarmaður ráðherra, skipaður af iðnaðarráðherra.

Fram að þeim tíma voru stjórnarmenn ríkisins Þóroddur Th. Sigurðsson, verkfræðingur, og Kjartan Kristófersson, vélstjóri.

Á aðalfundi hitaveitunnar, hinn 30. marz 1984, voru kjörnir til þess að sitja í stjórn Hitaveitu Suðurnesja auk framangreindra: Jón K. Ólafsson, sveitarstjóri, formaður, Steindór Júlíusson, bæjarstjóri og Albert K. Sanders, bæjarstjóri.

Framkvæmdastjóri er Ingólfur Aðalsteinsson.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breyting á lögum um Hitaveitu Suðurnesja og felur það í sér þær breytingar helztar á tilgangi Hitaveitu Suðurnesja, að fyrirtækið geti tekið að sér alla raforkuframleiðslu og dreifingu á starfssvæði þess.

Iðnaðarbanki Íslands h.f.

Iðnaðarbanki Íslands h.f. starfar samkvæmt lögum nr. 113 frá 29. desember 1951 ásamt síðari breytingum. Bankinn hóf starfsemi í júní 1953. Iðnaðarbankinn er fyrsti hlutafélagsbankinn hérlandis (ef Íslandsbanki er undanskilinn). Eðlilegt þótti í upphafi að ríkið væri aðili að bankanum.

Í upphafi átti ríkið 46% hlutafjárins. Tvisvar hefur ríkið afsalað sér rétti sínum til hlutfallslegrar aukningar hlutafjäreignar, og hefur því hlutdeild ríkisins minnkað í 27%. Aðrir hluthafar eru iðnfyrirtæki, iðnaðarmenn og ýmsir einstaklingar. Hluthafar eru alls 1441 og hlutafé nemur samtals 38,4 mkr.

Rekstur Iðnaðarbankans h.f. 1983.

Rekstur Iðnaðarbankans gekk vel á árinu. Heildarinnlán jukust um 88,5%, en innlánsaukning allra viðskiptabankanna á árinu 1983 varð að meðaltali 80,3%. Í árslok námu heildarinnlán bankans 1 156 137 þús. kr. Heildarútlán bankans í lok ársins 1983 voru 1 062 233 þús. kr. án útlána veðdeildar. Jukust útlán um 109,9% á árinu.

Skipting lána milli atvinnuvega og einstaklinga var hlutfallslega svipuð og árið áður. Hluttur iðnaðar og byggingarverktaka var um 51%.

Heildarútlán veðdeildar Iðnaðarbankans námu 282 538 þús. kr. og er það 121,7% aukning frá fyrra ári. Lántökur veðdeildarinnar hjá lífeyrissjóðum námu 91 382 þús. kr. á árinu samanborið við 49 979 þús. kr. árið 1982 og er það 82,2% aukning. Staða bankans gagnvart Seðlabankanum var í jánnum og í árslok var lausafjárstaðan neikvæð um 49 600 þús. kr.

Tekjuafgangur til ráðstöfunar var 12 554 þús. kr. samanborið við 6 838 þús. kr. árið áður. Samkvæmt tillögu bankaráðs samþykkti aðalfundur að skipta honum þannig:

	Pús. kr.
Í skattalegan varasjóð	7 004
Frá varasjóði veðdeildar	309
Til varasjóðs bankans	1 953
5% arður til hluthafa	1 918
Yfirfært til næsta árs	1 988
Samtals	12 554

Arður til hluthafa er reiknaður af hlutafé bankans eins og það var í upphafi ársins 1983 að viðbættum jöfnunarhlutabréfum á árinu 1983. Í reikningum bankans er í fyrsta skipti reiknaður tekju- og eignarskattur samtals 14 697 þús. kr.

Meðalfjöldi starfsfólks við bankastörf var 150 samanborið við 129 árið 1982.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok:

	1983 þús. kr.	1982 þús. kr.
Rekstrartekjur	651 493	301 402
Rekstrargjöld	638 938	294 642
Hagnaður	12 554	6 838
Eignir	1 927 707	942 359
Skuldir	1 784 403	876 678
Eigið fé	143 303	65 681

Helztu þættir úr starfsemi bankans árið 1983 voru þessir:

Hinn 25. júní 1983 voru liðin þrjátíu ár frá því að Iðnaðarbankinn hóf starfsemi.

Þann 18. nóvember var opnað nýtt útibú við Réttarholtsveg, er það rekið undir sömu stjórn og Grensásútibú.

Bankinn hóf verzlun með erlendan gjaldeyri 7. desember 1983. Í því sambandi var gerður samningur við Útvegsbankann um samstarf við framkvæmd gjaldeyrisviðskipta.

Iðnaðarbankinn var stofnaðili að VISA ISLAND, sem er sameignarfélag fimm banka og þrettán sparisjóða. Tilgangur félagsins er að annast almenn greiðslukortaviðskipti innanlands og utan.

Önnur atriði.

Með bréfi, dags. 20. marz 1983, til bankastjórnar Seðlabankans lagði iðnaðarráðherra svo fyrir bankann að gefið skyldi út leyfi til Iðnaðarbankans um stofnun afgreiðslu í Glerárhverfi frá útibúi bankans á Akureyri.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um heimild til sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Iðnaðarbankanum. Söluverð bréfanna er 32 mkr. Ennfremur hefur verið lagt fram frumvarp um að framvegis heyri málefni Iðnaðarbankans undir viðskiptaráðherra.

Stjórn.

Bankaráðsmenn, sem iðnaðarráðherra skipaði á aðalfundi 26. apríl 1984, eru Brynjólfur Bjarnason, framkvæmdastjóri og Sigurður Kristinsson, forseti Landssambands iðnaðarmanna. Frá aðalfundi 1983 til aðalfundar 1984 gegndu Sigurður Magnússon, rafvélavirki og Kjartan Ólafsson, sagnfræðingur þessum stöðum. Á aðalfundi 1984 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn bankans: Davíð Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri, Gunnar Guðmundsson, rafverktaki og Sveinn Valfells verkfræðingur.

Bankastjórnar eru Bragi Hannesson og Valur Valsson. Aðstoðarbankastjóri er Ragnar Öundurson.

Íslenzka járnblendifélagið h.f., Grundartanga.

Félagið er hlutafélag og starfar skv. lögum nr. 18, 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. lög nr. 45, 11. maí 1982 um breyting á þeim lögum. Íslenzka ríkið hefur frá upphafi átt 55% hlutafjárins, en Elkem a/s í Osló 45%. Félagið var stofnsett „til framleiðslu á kísiljárn og hafi með höndum þá framleiðslu og tengdan atvinnurekstur“ eins og segir í lögnum.

Kísiljárn er eins og nafnið bendir til blanda af kísil (silicium) og járn, þar sem hlutfall kísils getur verið mismunandi. Kísiljárn frá Grundartanga hefur um 75% kísilinnihald. Efni þetta er ómissandi íblöndunarefni á lokastigi stálframleiðslu. Það er einnig notað við járnsteypu og lítillaga til efnaiðnaðar.

Félagið starfar undir forystu sjö manna stjórnar, sem kosin er á aðalfundi. Þar af tilnefnir iðnaðarráðherra fjóra stjórnarmenn, en Elkem þrjá.

Starfsemi.

Járnblendiverksmiðjan var reist á árunum 1977—1980. Framleiðsla hófst með einum bræðsluofni í maímánuði 1979, en síðari ofninn var gangsettur í september 1980.

Fyrstu árin í rekstri verksmiðjunnar einkenndust af góðum tæknilegum rekstri, en stórfelldum rekstrarörðugleikum er stöfuðu af lágu söluverði, sölutregðu og orkuskortum. Slæmt markaðsástand varði allt fram á árið 1983, en þá tók verulega að létta til í rekstri félagsins.

Á árinu 1983 var framleiðsla kísiljárns 50 131 tonn miðað við 75% efnisinnihald, en útflutningur 49 347 tonn, sem er 21% aukning í framleiðslu og 17% aukning í útflutningi frá fyrra ári. Tafir á afskipunum vegna óveðurs ollu því, að útflutningur ársins varð ekki enn meiri. Hvort tveggja framleiðsla og sala varð verulega meiri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir, enda jókst eftirspurn eftir kísiljárn þegar leið á árið. Tæknilegur rekstur verksmiðjunnar gekk vel, og afköst voru mikil eftir að hún var sett í fullan gang. Framleiðsla síðari helming ársins varð um 29 þús. tonn.

Rekstur 1983.

Þótt mikil umskipti til hins betra hafi orðið í afkomu járnblendifélagsins á árinu 1983, var enn verulegur halli á rekstrinum eða 113,5 mkr., þar af voru fjármagnsgjöld 112,8 mkr. og afskriftir 127,8 mkr. Hallinn var rúmlega 60% af hallanum 1982 í beinum samanburði, en tæpl. 40% sé tekið tillit til verðbreytinga. Nær helmingur rekstrarhallans varð til á fyrsta ársfjórðungi, en rekstrarskilyrði bötnuðu eftir því sem á árið leið.

Starfsmannafjöldi 1983 var að meðaltali 167 manns. Voru starfsmenn 5 fleiri en árið áður.

Úr reikningum félagsins í árslok (í mkr.):

	1983	1982
Rekstrartekjur	588,2	228,6
Rekstrargjöld	588,9	295,5
Nettó fjármagnstekjur (gjöld)	(112,8)	(111,6)
Hagnaður (tap)	(113,5)	(178,5)
Eignir	1 842,8	1 118,3
Skuldir	2 158,2*	1 277,5
Eigið fé	(315,5)	159,2

* Þar af hluthafalán 519,1 millj. kr.

Þróun 1984 og horfur.

Batinn, sem hófst í rekstri járnblandifélagsins árið 1983, hefur haldið áfram á árinu 1984. Fjárhagsáætlun, sem gerð var í nóvember 1983, gerði ráð fyrir tapi á árinu 1984, sem næmi um 36 mkr. Nú er sýnt, að afkoman verður mun betri. Fari svo sem horfir verður afkoma félagsins jákvæð frá og með öðrum ársfjórðungi 1984.

Viðræður fulltrúa íslenska ríkisins og Elkem við japanska fyrirtækið Sumitomo Corporation hafa leitt til samkomulags um víðtækar aðgerðir í málefnum félagsins. Miða þær að því að styrkja efnahag þess og tryggja því markað enn betur en verið hefur. Jafnframt er gert ráð fyrir viðauka við rafmagnssamning járnblandifélagsins við Landsvirkjun, þar sem Landsvirkjun er að uppfylltum vissum skilyrðum um efnahag félagsins og afkomu ætlaður hagnaðarhlutur til uppþótar á gildandi orkuverð. Gert er ráð fyrir, að Sumitomo Corporation kaupi þriðjung af hlutafé Elkem í hlutafélaginu þannig að eftir þá breytingu yrði hlutur ríkisins áfram 55%, hlutur Elkem 30%, en hlutur Sumitomo Corporation 15%.

Þannig mun efnahagsbatinn í heiminum leiða til þess, að afkoma járnblandifélagsins fari batnandi. Ofangreindar ráðstafanir munu því til viðþótar koma efnahag félagsins í viðunandi horf. Þar með ætti félagið að verða í stakk búið til að mæta af eigin rammleik efnahagsveiflum í markaðslöndum þess.

Stjórn.

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar í maí 1984 eru: Hjörtur Torfason hrl., formaður, Eggert G. Þorsteinsson, forstjóri, Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri og Páll Bergþórsson, veðurfræðingur. Elkem tilnefnir 3 stjórnarmenn. Framkvæmdastjóri er Jón Sigurðsson.

Jarðboranir ríkisins.

Lagaákvæði um Jarðboranir ríkisins (JBR) er að finna í VII. kafla orkulaga nr. 58/1967. Þar er kveðið á um, að JBR skuli reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi. Ráðherra er heimilt að fela Orkustofnun eða öðrum aðila, ef hann telur það betur henta, að annast reksturinn.

Jarðboranir hafa frá árinu 1967 verið reknar sem deild í Orkustofnun, og er um þær fjallað í B-hluta fjárlaga ár hvert. Allajafna er við það miðað að tekjur þeirra nægi fyrir öllum rekstrargjöldum.

Bortæki Jarðborana eru:

Heiti	Bordýpi	Keyptur árið
1. Jötunn	3 600	1975
2. Dofri	1900—2200	1958
3. Narfi	1500—1800	1976
4. Glaumur	800—1500	1971
5. Ýmir	400—600	1962
6. Snúningsborar til rannsókna (5 talsins)		
7. Höggborar (3 talsins)		

Dofri er sameign ríkis og Reykjavíkurborgar undir sérstakri stjórn og er rekinn sem sérstakt fyrirtæki í umsjá Jarðborana.

Verkefni Jarðborana eru fyrst og fremst boranir eftir jarðhita. Einnig hefur fyrirtækið séð um boranir eftir köldu vatni svo og rannsóknaboranir fyrir ýmsa aðila, aðallega virkjanaaðila. Ekki verður hér farið ítarlega út í þau verk sem Jarðboranir unnu á seinasta ári. Borholudagar á árinu 1983 voru samtals 1714.

Jarðboranir hafa átt við verulegan fjárhagsvanda að etja á undanförunum árum. Sá vandi var og er fyrst og fremst tengdur fjármagnsgjöldum á lánum vegna kaupa á Jötuni. Í nóvember 1981 skilaði nefnd álit, sem falið var að athuga og gera tillögur um úrbætur á fjárhagsvanda Jarðborana. Úr þessum vanda hefur ekki enn verið greitt og hafa afborganir og vextir af lánum vegna Jötuns fallið á ríkisábyrgðasjóð.

Að tilhlutan iðnaðarráðherra stendur nú yfir úttekt á rekstri Jarðborana og sér Hagvangur um þá úttekt.

Mögulegt er að í kjölfar úttektarinnar verði breytingar á rekstri Jarðborana.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi:

	1983	1982
Rekstrartekjur	70 665 000	45 316 000
Rekstrargjöld	60 524 000	45 145 000
Fjármagnsgjöld	2 578 000	1 826 000
Hagnaður (tap)	7 563 000	(1 655 000)
Eignir	155 709 000	93 269 000
Skuldir	100 924 000	68 123 000
Eigið fé	54 785 000	25 146 000

Starfsmenn Jarðborana ríkisins árið 1983 voru 56, en flestir urðu starfsmenn á árinu 95. Framkvæmdastjóri frá 1. marz 1983 er Karl Ragnars, verkfræðingur.

Jarðvarmaveitur ríkisins.

Uppruna Jarðvarmaveitna ríkisins (JVR) er að rekja til laga um Kísilgúrverksmiðju við Mývatn nr. 80/1966, en þar segir m. a. að ríkisstjórninni sé heimilt „að nýta jarðhitasvæðið við Námaskarð í þágu hitaveitu er ríkisstjórnin lætur reisa og reka og m. a. skal gegna því hlutverki að selja kísilgúrverksmiðjunni jarðhita til reksturs síns.“

Með bréfi, dags. 26. september 1967, fól iðnaðarráðherra Orkustofnun á grundvelli fyrrgreindra laga að annast byggingu og rekstur jarðhitaveitunnar. Fyrirtæki þetta gengur undir nafninu Jarðvarmaveitur ríkisins og er B-hlutafyrirtæki á fjárlögum.

Orkustofnun annast rekstur fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur sjálft enga starfsmenn heldur kaupir alla þjónustu af Jarðhitadeild Orkustofnunar og af öðrum aðilum.

Meginverkefni Jarðvarmaveitna ríkisins er framkvæmd ákvæðis í samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Kísiliðjunnar h.f. um sölu jarðgufu til kísilgúrvinnslu. Í þessu skyni á

fyrirtækið borholur í Bjarnarflagi á Námafjallssvæði og rekur þar gufuveitu. Jarðvarma-veitur ríkisins selja einnig gufu til gufuaflsstöðvar Landsvirkjunar í Bjarnarflagi. Auk þessa annast Jarðvarmaveitur ríkisins varma- og vatnsöflun fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar og Voga.

Jarðvarmaveitur ríkisins önnuðust boranir á Kröflusvæði og byggðu gufuveitu Kröflu-virkjunar, þar til Rafmagnsveitur ríkisins tóku við byggingu og rekstri virkjunarinnar í árslok 1978.

Pegar framkvæmdir við Þörungavinnsluna h.f. á Reykhólum voru í undirbúningi sáu Jarðvarmaveitur ríkisins um undirbúning jarðhitaveitu á Reykhólum. Eftir að sú starfsemi var komin vel á rekspól, var ákveðið að Þörungavinnslan yfirtæki rekstur og frekari boranir á Reykhólum. Hafa Jarðvarmaveitur ríkisins ekki haft afskipti af þeim mannvirkjum síðan.

Auk þessara verkefna stóðu JVR fyrir virkjun og vinnslu jarðvarma úr tveimur borholum í eigu ríkisins í Ölfusdal fyrir Hitaveitu Hveragerðis árið 1973. Einnig boruðu Jarðvarmaveitur ríkisins jarðhitaleitarholu á Eyrarbakka árið 1971 en ekki varð af frekari framkvæmdum þar.

Halli á rekstri Jarðvarmaveitna ríkisins hefur á undanförunum árum verið mjög mikill, og ljóst er, að mikið vantar upp á, að rekstur fyrirtækisins standi undir vöxtum og afborgunum af fjárfestingu þeirri, er ráðast hefur orðið í. Stafar þetta af umbrotum í Bjarnarflagi, en eftir það drógust sölutekjur fyrirtækisins verulega saman, jafnframt því að allar borholur eyðilögðust og bora þurfti nýjar í þeirra stað.

Orkustofnun og nefnd er kannaði fjárhagsvanda Jarðvarmaveitna ríkisins árið 1982 lögðu til, að fjárhagsvandi fyrirtækisins yrði leystur með fjárframlagi ríkissjóðs er jafngilti því fjárhagslega tjóni sem umbrotin í Bjarnarflagi ollu.

Þetta hefur ekki verið gert og er orðið mjög brýnt að leysa fjárhagsvanda Jarðvarma-veitna ríkisins til frambúðar. Í tengslum við úttekt Rekstrarstofunnar á Kísiliðjunni hefur ráðgjafarfyrirtækið lagt til, að Landsvirkjun yfirtæki rekstur Jarðvarmaveitnanna í Bjarnarflagi. Árið 1983 var seld gufa til Kísiliðjunnar 268 þús. tonn og tekjur af þeirri sölu 5,2 mkr. Seld gufa til Landsvirkjunar/Laxárvirkjunar nam 238 þús. tonnum og tekjur af þeirri sölu 4,7 mkr.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok:

	1983	1982
Rekstrartekjur	10 982 000	4 742 000
Rekstrargjöld	4 677 000	6 368 000
Fjármagnsgjöld	10 504 000	5 382 000
Tap	4 199 000	7 008 000
Eignir	63 379 000	63 342 000
Skuldir	111 047 000	63 962 000
Eigið fé (neikvætt)	47 668 000)	(520 000)

Kísiliðjan h.f., við Mývatn.

Kísiliðjan h.f. starfar samkvæmt lögum nr. 80/1966 ásamt síðari breytingum.

Eignarhlutdeild í Kísiliðjunni h.f. er nú þannig:

Ríkissjóður	59,8%
Manville International	39,8%
Aðrir (sveitarfélög norðanlands)	0,4%

Alþingi kys fulltrúa ríkisins í stjórn Kísiliðjunnar h.f., þ. e. 3 af 5 stjórnarmönnum, en Manville International tilnefniir tvo stjórnarmenn.

Vegna sölu kísilafurðanna hefur hinn erlendi samstarfsaðili stofnað sölufélagið Manville h.f. á Húsavík. Iðnaðarráðherra skipar einn fulltrúa í stjórn þess félags.

Rekstur.

Framleiðsla á kísilgúr gekk mjög vel á árinu. Framleidd voru 25 502 tonn af fullnum kísilgúr, sem er meira magn en áður hefur verið framleitt þar á einu ári.

Sala til útflutnings nam 25 066 tonnum sem er 4,5% meira en gert var ráð fyrir í áætlunum. Innanlands voru seld 24 tonn.

Rekstrartekjur voru 183 384 þús. kr. Nettó hagnaður nam 256 þús. kr. Afskriftir voru 9 986 þús. kr. og afskrifað gengistap af erlendum lánum 5 010 þús. kr. Þegar afkoma ársins 1983 er borin saman við afkomu þriggja undangenginna ára kemur fram, að þó reksturinn skili ekki stórum hagnaði á árinu 1983 hefur afkoma fyrirtækisins batnað verulega.

Helzta fjárfesting á árinu var bygging húss fyrir búningaklefa, böð og kaffistofu starfsmanna. Verður smíði þess að fullu lokið seinni hluta árs 1984.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok:

	1983	1982
Rekstrartekjur	183 384 000	94 876 000
Rekstrargjöld	176 780 000	96 958 000
Fjármagnsgjöld	6 405 000	6 204 000
Hagnaður (tap)	256 000	(8 535 000)
Eignir	170 695 000	101 011 000
Skuldir	39 581 000	24 837 000
Eigið fé	131 114 000	76 174 000

Á árinu 1983 var að undangengnu útboði samið við verktakafyrirtækið Sniðil h.f. í Mývatnssveit um flutning á $\frac{2}{3}$ hlutum framleiðslu Kísiliðjunnar frá verksmiðjunni til Húsavíkur. En áður hafði Kísiliðjan annast alla flutninga. Þriðjung flutninganna annast Kísiliðjan nú sjálf. Breyting þessi á tilhögun flutninga hefur gefið vel og verið fyrirtækinu til hagsbóta.

Á árinu 1983 voru starfsmenn 71 yfir vetrarmánuðina og 78 á þeim tíma, sem dæling hráefnis úr Mývatni stendur yfir. Starfsmönnum fækkaði um fjóra á árinu vegna breytinga á flutningi kísilgúrsins.

Athugun á rekstri Kísiliðjunnar h.f.

Hinn 6. marz 1984 var gerður verksamningur milli Iðnaðarráðuneytisins og Rekstrarstofunnar um athugun á rekstri Kísiliðjunnar h.f. og Jarðvarmaveitna ríkisins, ásamt mati á því, hvort hagkvæmt sé að Kísiliðjan yfirtaki rekstur jarðvarmaveitnanna í Bjarnarflagi.

Rekja má tilurð Jarðvarmaveitna ríkisins til laga nr. 80/1966 um Kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Jarðvarmaveitur ríkisins eru B-hlutafyrirtæki á fjárlögum og annast Orkustofnun rekstur þess. Jarðvarmaveiturnar hafa sjálfstæðan fjárhag og verða því að standa að fullu undir eigin rekstri og framkvæmdum.

Við eldsumbrot, sem urðu í Mývatnssveit á árunum eftir 1975, urðu Jarðvarmaveiturnar fyrir tilfinnanlegu tjóni þegar umbrotin gengu yfir Námaskarð og Bjarnarflag í apríl og september 1977. Allar borholur Jarðvarmaveitnanna eyðilögðust. Til að standa við skuldbindingar gagnvart Kísiliðjunni varð að bora nýjar holur. Í apríl 1978 samþykkti ríkisstjórnin „að hið fyrsta verði veitumannvirkjum komið í lag“ og samþykkt var að ríkisstjórnin beitti sér fyrir því, að Jarðvarmaveiturnar fengju nægjanlegt lánsfjármagn til þessara framkvæmda.

Þetta er meginorsök slæmrar fjárhagsstöðu Jarðvarmaveitnanna ásamt því tekjutapi, sem þær urðu fyrir, meðan ekki var hægt að selja Kísiliðjunni og Laxárvirkjun gufuafli.

Niðurstöður skýrslu Rekstrarstofunnar um starfsemi Kísiliðjunnar eru eftirfarandi:

„ . . . Sá rekstrarliður, sem gefur mest tilefni til skoðunar, er orkukostnaður, sem hækkað hefur óeðlilega mikið á undanförunum árum, sé miðað við verðlagsþróun í landinu.

Er því mest áherzla lögð á umfjöllun hans í skýrslu þessari og dregnir fram ýmsir möguleikar í því sambandi.

Sá möguleiki, að Kísiliðjan h.f. yfirtaki starfsemi Jarðvarmaveitna ríkisins, hefur verið ítarlega skoðaður, og er meginniðurstaðan sú, að það sé ekki hagkvæmasti kosturinn nema þá sé litið til mjög langs tíma og þá með mörgum skilyrðum, sem Kísiliðjan h.f. yrði að setja. Er fjallað um þetta síðar í skýrslunni.

Sá kostur sýnist vera hagkvæmastur, að Landsvirkjun yfirtaki starfsemi Jarðvarma-veitnanna. Verði svo opnast möguleiki fyrir Kísiliðjuna h.f. að semja um hagstæð orkukaup bæði hvað varðar gufu og rafmagn.

Sem skammtímalausn er talið rétt að hvetja til samninga milli Kísiliðjunnar h.f. og Landsvirkjunar um kaup á svokallaðri ótryggri sumarorku og við Rafmagnsveitur ríkisins um flutning þeirrar orku.

Sé á heildina litið, er rekstur Kísiliðjunnar h.f. góður. Þeir rekstrarþættir, sem fyrirtækið hefur vald yfir, eru í stöðugri endurskoðun og stöðugt er leitað leiða til sparnaðar og aukinnar hagkvæmni.

Sölu- og flutningskostnaður virðist nokkuð hár eða ríflega 30% af vergum tekjum undanfarinna ára. Ýmsir annmarkar eru þó á að hægt sé á auðveldan hátt að minnka þennan kostnaðarlið. Með tilliti til þess tíma, sem fyrirtækið hefur starfað, er ástæða til að leita eftir endurskoðun á samkomulagi við Manville International Corporation um sölugjald og tæknaístoð. Ekki er frekar fjallað um þessi tvö framangreind atriði hér í skýrslunni. . . .“

Iðnaðarráðuneytið er þeirrar skoðunar, að raforkuverð til Kísiliðjunnar sé óeðlilega hátt, þegar tekið er tillit til hversu hagkvæmur notandi verksmiðjan er. Í vetur tilkynnti RARIK um svokallaðan sumartaxta á ótryggu rafmagn, sem leiða mun til nokkurrar lækkunar á raforkukostnaði Kísiliðjunnar. Áfram mun unnið að þessu máli og hafðar til hliðsjónar niðurstöður Rekstrarstofunnar.

Horfur í rekstri 1984.

Í áætlunum er gert ráð fyrir 24 000 tonna sölu. Ljóst er þó með hliðsjón af seldu magni fyrstu mánuði ársins, að salan verður meiri. Eftirspurn eftir kísilgúr er mikil og verð hefur farið hækkandi. Allt stefnir því í að framleiðslumet ársins 1983 verði slegið á árinu 1984 með samstilltu átaki starfsmanna og stjórnaenda.

Afkoma fyrirtækisins verður væntanlega góð á árinu 1984. Skuldir Kísiliðjunnar eru nú orðnar tiltölulega litlar. Ýmis brýn verkefni bíða fyrirtækisins, en þau hafa orðið að sitja á hakanum undanfarin ár vegna erfiðrar fjárhagsstöðu. Stærsta verkefnið eru endurbætur á ytra útliti og umhverfi Kísiliðjunnar.

Stjórn.

Stjórnarmenn af hálfu íslenska ríkisins frá maí 1983 til næstu fjögurra ára eru Sigurður Rúnar Pétursson, vélavörður, formaður, Lárus Jónsson, alþingismaður, Jón Illugason, bóndi.

Framkvæmdastjóri er Hákon Björnsson.

Fulltrúi skipaður af iðnaðarráðherra í Manville h.f. á Húsavík til aðalfundar 1984 er Þorvaldur Vestmann.

Úr stjórn Kísiliðjunnar gengu á árinu 1983 Magnús Jónsson, bankastjóri og Pétur Pétursson, framkvæmdastjóri. Báðir höfðu þeir setið í stjórn Kísiliðjunnar frá stofnun árið 1966, og unnið fyrirtækinu mikið gagn, Magnús sem formaður og Pétur sem varaformaður. Magnús Jónsson var einn helzti hvatamaður þess, að Kísiliðjan var reist. Var það fyrirtækinu mikill styrkur, sérstaklega á erfiðleikatímum, að hann skyldi veljast til forystu fyrirtækisins.

Kísilmálmvinnslan h.f.

Verkefnisstjórn, er skipuð var af Iðnaðarráðuneytinu í febrúar 1981 til að annast hagkvæmniathugun og frumhönnun á byggingu og rekstri 25—30 þús. tonna kísilmálmverksmiðju, skilaði lokaskýrslu til ráðuneytisins í marz 1982. Meðginnidurstaða verkefnisstjórnarinnar var sú, að hagkvæmt væri að ráðast í byggingu slíkrar verksmiðju á Reyðarfirði. Lagði hún til, að aflað yrði lagaheimildar um stofnun hlutafélags til að annast byggingu og rekstur verksmiðjunnar.

Á grundvelli þessarar skýrslu var lagt fram stjórnarfrumvarp um verksmiðjuna. Í maí 1982 voru samþykkt á Alþingi lög (nr. 70), er heimila ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun hlutafélags í þessu skyni. Fór stofnun hlutafélagsins, Kísilmálmvinnslunnar h.f., fram á Reyðarfirði í júní 1982. Í ársbyrjun 1983 sendi stjórn hlutafélagsins frá sér skýrslu um athuganir, sem henni var falið að gera, samkv. 3. gr. laganna. Var það álit stjórnarinnar, að stefna bæri að gangsetningu verksmiðjunnar á tímabilinu 1986—88 og miða bæri allan undirbúning við að fyrsti ofn hennar yrði gangsettur 1986. Ríkisstjórnin lagði fram í febrúar 1983 þingsályktunartillögu, þar sem lagt var til að Alþingi samþykkti skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar h.f. Tillagan hlaut ekki afgreiðslu á þinginu.

Í maí 1983 var gerður samningur við vestur-þýzka fyrirtækið Mannesmann Demag, sem tryggir verksmiðjunni allan helzta vél- og rafbúnað á hagstæðu verði. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykki Alþingis á niðurstöðum skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar h.f. frá því í janúar 1983 og ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um aukningu hlutafjár félagsins.

Forhönnun verksmiðjunnar var lokið í marz 1984. Stærð og gerð allra helzta bygginga verksmiðjunnar hefur verið ákveðin og þeim valinn staður á lóð verksmiðjunnar á Mjóeyri við Reyðarfjörð. Gerð, afkastageta og fyrirkomulag allra véla og tækja verksmiðjunnar hefur einnig verið ákveðið.

Á grundvelli forhönnunar og aðstæðna á verksmiðjusvæðinu hefur stofn-kostnaðaráætlun fyrir byggingu verksmiðjunnar verið endurskoðuð.

Heildarkostnaður verksmiðjunnar er áætlaður 1 886,6 mkr. (65 millj.\$), þar af er undirbúningskostnaður áætlaður 44,1 mkr. (1,5 millj.\$) en byggingarkostnaður 1 842,5 mkr. (63,5 millj.\$). Áætlunin er miðuð við verðlag 1. janúar 1984, og eru 49% kostnaðar innlend en 51% erlend.

Heildarframkvæmdatími frá upphafi verks til gangsetningar fyrri ofns er áætlaður 31 mánuður, en síðari ofn yrði gangsettur 6 mánuðum seinna.

Endanleg ákvörðun um byggingu verksmiðjunnar hefur ekki enn verið tekin. Fyrir Alþingi liggur nú tillaga til þingsályktunar um, að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til að taka ákvörðun um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og leita samvinnu við erlenda aðila um eignaraðild. Vísast nánar til greinargerðar með tillögunni í þessu sambandi.

Ríkissjóður greiddi 8,2 mkr. í hlutafjárframlag á árinu 1982 og 20 mkr. 1983.

Stjórn.

Alþingi kys hlutfallskosningu fulltrúa ríkisins í stjórn félagsins til eins árs í senn. Eftirtaldir menn hlutu kosningu á fundi Sameinaðs Alþingis hinn 7. maí 1982 og sátu í stjórn til framhaldsaðalfundar, sem haldinn var 25. nóvember 1983:

Halldór Árnason, tæknifræðingur, formaður, Axel Gíslason, framkvæmdastjóri, Eggert Steinsen, verkfræðingur, Sigfús Guðlaugsson, rafveitustjóri, varamaður Geirs A. Gunnlaugssonar, sem gegnir störfum framkvæmdastjóra, Geir H. Haarde, hagfræðingur, Hörður Þórhallsson, sveitarstjóri og Sveinn Þórarinnsson, verkfræðingur, varaformaður.

Ný stjórn var kosin fyrir Kísilmálmvinnsluna á Alþingi hinn 10. nóvember 1983 til aðalfundar 1984. Kosningu hlutu: Geir H. Haarde, hagfræðingur, Halldór Árnason, tæknifræðingur, Axel Gíslason, framkvæmdastjóri, Theodór Blöndal, tæknifræðingur, Sighvatur Björgvinsson, fyrrv. alþingismaður, Hörður Þórhallsson, sveitarstjóri og Sveinn Þórarinnsson, verkfræðingur.

Iðnaðarráðherra skipaði Geir H. Haarde formann stjórnar. Framkvæmdastjóri er Geir A. Gunnlaugsson.

Lagmetisiðjan Siglósíld.

Siglósíld var stofnsett með lögum nr. 46/1972 sem B-hluta ríkisfyrirtæki. Hefur iðnaðarráðherra lögum samkvæmt skipað fimm menn í stjórn til fjögurra ára í senn.

Rekstur 1983.

Þann 16. maí 1983 gerðu stjórnir fyrirtækjanna Þormóðs ramma og Siglósíldar samkomulag um yfirtöku Þormóðs ramma á rekstri Siglósíldar, og var það samkomulag staðfest af iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra.

Fjármálaráðuneytið veitti Siglósíld aukafjárveitingu að upphæð 4,5 mkr. til að koma fyrirtækinu í rekstrarhæft ástand. Á fjárlögum 1983 fékk Siglósíld 2,5 mkr. fjárveitingu. Auk þessa voru teknar 10 mkr. að láni hjá Endurlánum ríkisins.

Þormóður rammi h.f. sá um rekstur Lagmetisiðjunnar frá 1. júní 1983 til ársloka.

Þormóður rammi er að $\frac{3}{4}$ hlutum í ríkiseign, og heyra mál fyrirtækisins undir fjármálaráðherra.

Rekstur Lagmetisiðjunnar gekk mjög erfiðlega á tímabilinu janúar til maíloka, þá er Þormóður rammi tók við rekstrinum. Verulegt tap varð á rekstrinum og hefur verið svo undanfarin ár.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1983:

	1983	1982
Rekstrartekjur	8 010 000	14 093 000
Rekstrargjöld	10 907 000	15 870 000
Fjármagnsgj. (verðbr.)	531 000	4 302 000
Tap	3 428 000	6 073 000
Eignir	19 997 000	11 933 000
Skuldir	20 290 000	21 300 000
Eigið fé	1 946 000	9 365 000

Í bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 1983 er framlag ríkissjóðs um 17 mkr. Með því móti verður reksturinn 13,6 mkr. í hagnað.

Sala á fyrirtækinu.

Í nóvember 1983 óskuðu ákveðnir aðilar eftir því við iðnaðarráðherra að kaupa Lagmetisiðjuna Siglósíld. Var skipuð viðræðunefnd af hálfu Iðnaðarráðuneytisins við þessa aðila. Á fundi 14. desember 1983 náðist samkomulag um sölu Siglósíldar með fyrirvara um samþykkt ríkisstjórnar og Alþingis. Hinn 15. desember 1983 var síðan stofnað hlutafélagið Sigló h.f. með heimili og varnarþingi á Siglufirði til að kaupa og starfrækja Lagmetisiðjuna Siglósíld. Hlutafé fyrirtækisins er 2 mkr.

Kaupsamningur var undirritaður, hinn 17. desember 1983, með venjulegum fyrirvara.

Meginatriði kaupsamningsins eru eftirfarandi:

1. Ríkissjóður selur hlutafélaginu Sigló h.f. Lagmetisiðjuna Siglósíld og er kaupverð kr. 18 000 000.
2. Kaupverðið greiðist með útgáfu skuldabréfs til 10 ára. Bréfið er verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu og ber hæstu leyfilegu vexti af verðtryggðum lánnum, skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands hverju sinni.
3. Lán vegna kaupanna er tryggt með fyrsta veðrétti í eignum verksmiðjunnar og afborgunarlaust fyrstu tvö árin. Stofnendur ábyrgjast persónulega 25% af láninu. Ábyrgðir þessar eru veittar vegna þess að kaupverðið er lánað að fullu, enda er gert ráð fyrir að kaupandi beini kröftum sínum af alefli á næstu tveim árum til að efla fyrirtækið.
4. Kaupendur skuldbinda sig til að halda starfrækslu Siglósíldar áfram á Siglufirði, auk þess sem þeir binda í stofnsamningi tilgang hins nýja félags við að efla og styrkja atvinnulíf á Siglufirði. Þessu til tryggingar eru aðilar sammála um að í skuldabréfi verði heimildarákvæði þess efnis, að gjaldfella megi lán vegna kaupanna að fullu, verði skuldbindingar um starfrækslu á Siglufirði ekki haldnar.
5. Seljandi lofar að beita sér fyrir því, að gerður verði leigusamningur milli Sigló h.f. og Þormóðs ramma h.f. um afnot af frystihúsi Þormóðs ramma fyrir geymslu á allt að 700 tonnum af hráefni.
6. Miðað er við afhendingu eignanna 1. janúar 1984.

Söluverð fyrirtækisins er um það bil sama fjárhæð og þær skuldir, sem á ríkissjóð falla vegna sölunnar.

Kaupendur lögðu strax í viðamiklar endurbætur á fyrirtækinu enda var það eitt af skilyrðum fyrir sölnunni. Áætlað er, að endurbætur og fjárfesting í fyrirtækinu hjá hinum nýju eigendum hafi numið allt að 18 mkr. Hafa ber í huga, að aðbúnaður var orðinn lélegur og tæki verksmiðjunnar úrelt mörg hver.

Um nánari upplýsingar um sölu fyrirtækisins vísast til frumvarps til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði. Að því tilskildu að frumvarp þetta verði að lögum, er fyrirtækið ekki lengur í ríkiseign frá og með 1. janúar 1984.

Landssmiðjan.

Landssmiðjan starfar eftir lögum nr. 102/1936. Fyrirtækið heyrir beint undir iðnaðar-ráðherra og hefur ekki lotið annarri formlegri stjórn.

Starfsemin er einkum almenn viðgerðarþjónusta, þjónusta við skipaflotann, nýsmíði á tækjabúnaði fyrir sjávarútveg og landbúnað, innflutningur á vélum og þjónusta í tengslum við þá starfsemi. Um helmingur tekna Landssmiðjunnar árið 1983 var af innflutningi og verzlun.

Í tíð fyrri ríkisstjórnar var ákveðin veruleg uppbygging á fyrirtækinu. Samkvæmt áætlunum var ákveðið að byggja 6 600 m² verkstæðishús (46 900 m³) við Skútuvog í Reykjavík. Þessi byggingaráform miðuðust við verulega aukningu á verkefnum fyrirtækisins í tengslum við fyrirhugaða skipaverkstöð í Kleppsvík.

Framkvæmdir hófust í ársbyrjun 1982, steyptir hafa verið sökklar og helmingur gólfplötu. Framkvæmdir stöðvuðust vegna fjárskorts á miðju ári 1982 og hafa að mestu legið niðri síðan.

Kostnaður vegna framkvæmdanna í Skútuvogi, framreiknaður til verðlags 31. desember 1983, er 57 731 þús. kr. og áhvilandi lán 39 800 þús. kr. Framkvæmdirnar eru ekki komnar á það stig, að þær séu nýtanlegar, og valda þær fyrirtækinu verulegri greiðslubyrði.

Í maí 1983 ákvað byggingarnefnd Landssmiðjunnar, að höfðu samráði við Iðnaðarráðuneytið, að endurskoða fyrri byggingaráform. Ástæðan var einkum sú, að forsendur fyrir

byggingu svo stórs verkstæðishúss höfðu breytt mikið, ekki sízt vegna algerrar óvissu um byggingu fyrrnefndrar skipaverkstöðvar.

Endurskoðaðar tillögur um bygginguna lágu fyrir í ágúst 1983. Í þeim er gert ráð fyrir að byggja mun minna og ódýrara verkstæðishús. Tillögurnar miðast við að byggt verði í fyrstu 2 100 fermetra hús (um 13 500 rúmmetrar). Iðnaðarráðuneytið tjáði forráðamönnum Landssmiðjunnar, að það sé fylgjandi því, að unnið verði að endurnýjun á húsakosti fyrirtækisins á grundvelli þessarar endurskoðuðu áætlunar á meðan málið er í athugun. Ekki er ósennilegt að með öllu verði horfið frá þessum byggingaráformum.

Í tíð fyrri ríkisstjórnar var ákveðið að ríkissjóður keypti húseignir Landssmiðjunnar við Sölvhólgötu. Var gengið frá yfirlýsingu milli fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, og iðnaðarráðherra, f. h. Landssmiðjunnar og Iðnaðarráðuneytisins, hinn 24. maí 1983, sem felur í sér afsal á húseignum Landssmiðjunnar, ásamt lóðarréttindum milli Skúlagötu, Klapparstígs og Sölvhólgötu í Reykjavík, til ríkissjóðs.

Söluverð var 16 mkr. og skyldi það greiddast í áföngum á tveimur árum. Við samning þennan hefur eigi verið staðið af hálfu Fjármálaráðuneytisins og eru fyrrnefndar eignir skráðar í ársreikning Landssmiðjunnar 31. desember að upphæð 21 746 þús. kr.

Rekstur 1983.

Rekstur Landssmiðjunnar gekk sæmilega á árinu 1983 og varð hagnaður af starfsemi 4 mkr., samanborið við 220 þús. kr. hagnað 1982. Það skal þó tekið fram, að vaxtakostnaður vegna nýbyggingar er ekki færður á rekstur, heldur sem hluti af kostnaði við nýbygginguna. En fjármagnskostnaður vegna nýbyggingarinnar nam um 18,5 mkr. á árinu, og er þar bæði um að ræða vaxtakostnað og uppfærslu á lánnum. Verðbreytingatekjur námu 7,4 mkr.

Velta fyrirtækisins í iðnrekstri jókst um 75,8% frá árinu 1982 og velta verzlunar um 59%.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í árslok 1983:

	1983	Til samanburðar 1982
Rekstrartekjur	52 460 000	31 476 000
Rekstrargjöld	54 021 000	31 138 000
Fjármagnstekjur* (gjöld)	5 975 000	(118 000)
Hagnaður	4 038 000	220 000
Eignir	102 653 000	47 455 000
Skuldir	57 149 000	24 820 000
Eigið fé	45 504 000	22 634 000

*(Verðbreytingatekjur nema 7,4 mkr.)

Árið 1983 störfuðu að jafnaði 74 starfsmenn hjá fyrirtækinu. Forstjóri Landssmiðjunnar er Sigurður Daníelsson.

Tilraunaverksmiðja.

Haldið var áfram vinnu við þróun á nýrri aðferð við þurrkun á fiskimjöli, sem Landssmiðjan hefur unnið að síðustu 3 ár. Var þessi aðferð kynnt í Flórída í nóvember á þingi alþjóðasamtaka fiskimjölsframleiðenda.

Prófun á fyrsta áfanga tækjabúnaðarins mun verða gerð í apríl og maí 1984. Framreiknuð lán vegna þessara tilrauna, hönnunar og tilraunasmíði, voru í árslok 1983 kr. 2 911 099 og er það um helmingur tilkostnaðar.

Við þetta verkefni hefur Landssmiðjan notið tæknilegrar aðstoðar ýmissa aðila, svo sem Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, og fjárhagslegs stuðnings frá Iðnþróunarsjóði og Iðnrekstrarsjóði.

Horfur í rekstri 1984.

Stöðugleiki í verðlagi á síðustu mánuðum virðist hafa haft örvandi áhrif á framkvæmdir er snerta járnnað. Þá má geta þess, að innheimta útistandandi reikninga gengur betur. Hins vegar veldur sú greiðslubyrði, sem orsakast af nýbyggingarframkvæmdum við Skútuveg 7, fyrirsjáanlegum erfiðleikum í rekstri Landssmiðjunnar verði ekkert að gert.

Unnið er að tillögum um úrbætur í rekstri fyrirtækisins á vegum Iðnaðarráðuneytisins. Hefur iðnaðarráðherra lýst því yfir við starfsfólk Landssmiðjunnar, að hann hafi hug á, að starfsfólkið kaupi fyrirtækið. Hinn 24. febrúar 1984 stofnuðu 54 starfsmenn Landssmiðjunnar félag til að kanna grundvöll fyrir kaupum á fyrirtækinu.

Viðræðunefnd þeirri, er sá um söluna á Siglósíld, hefur verið falið að sjá um viðræður vegna hugsanlegrar sölu á Landssmiðjunni. Nefndina skipa: Halldór J. Kristjánsson, deildarstjóri í Iðnaðarráðuneytinu, formaður, Gunnlaugur Claessen, deildarstjóri í Fjármálaráðuneytinu og Guðmundur Malmquist, hdl., í Framkvæmdastofnun ríkisins.

Landsvirkjun.

Vegna breytinga á eignaraðild að Landsvirkjun og víkkunar á starfssviði fyrirtækisins þykir rétt að gera ítarlegri grein fyrir starfsemi en ella.

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965 samkvæmt lögum nr. 59/1965. Í lögum eru ákvæði, sem heimila eigendum Laxárvirkjunar að ákveða, að Laxárvirkjun sameinist Landsvirkjun. Með hliðsjón af þessu ákvað stjórn Laxárvirkjunar að leita heimilda eigenda til sameiningar Laxárvirkjunar við Landsvirkjun. Í framhaldi af því hófust viðræður milli eignaraðila beggja fyrirtækjanna hér að lútandi og lyktaði þeim með nýjum sameignarsamningi um Landsvirkjun, er undirritaður var hinn 27. febrúar 1981, og tók hann gildi hinn 1. júlí 1983.

Alþingi samþykkti ný lög um Landsvirkjun, nr. 42 frá 23. marz 1983. Í hinum nýju lögum eru ýmis nýmæli í samræmi við sameignarsamninginn og til staðfestingar þeirri þróun, sem orðið hefur hjá Landsvirkjun frá því fyrirtækið var sett á stofn árið 1965.

Í 1. grein laganna segir, að frá og með 1. júlí 1983 eigi ríkissjóður 50% í Landsvirkjun, Reykjavíkurborg 44,525% og Akureyrarbær 5,475%, en eins og kunnugt er áttu ríkissjóður og Reykjavíkurborg áður sinn helminginn hvort.

Samkvæmt nýju lögum um Landsvirkjun er orkusvæði fyrirtækisins allt landið eftir því, sem raforkuver þess og stofnlínukerfi spanna, og því gert að reisa og reka öll meiriháttar raforkuver og meginstofnlínukerfi landsins. Þá er í lögum kveðið svo á, að Landsvirkjun skuli selja rafmagn til almenningsrafveitna eftir sömu gjaldskrá á öllum afhendingarstöðum.

Í nýju lögum eru ákvæði um að sýslufélög, sveitarfélög, samtök þeirra og sameignarfélög geti gerzt eignaraðilar að Landsvirkjun. Þurfa þau þá meðal annars að leggja fram verðmæti er nema skulu minnst 1% af endurmetnum höfuðstól Landsvirkjunar í upphafi þess árs, er eignaraðild kemur til framkvæmda.

Nýmæli í lögum er ákvæði um ársfund Landsvirkjunar, sem halda skal í apríl ár hvert. Þann fund skulu meðal annarra sitja fulltrúar eignaraðila og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Á ársfundinum skal kynna afkomu Landsvirkjunar og fjalla um mál, sem varða öryggi í vinnslu og flutningi raforku svo og atriði, er snerta orkuverð. Ennfremur skal þar ræða raforkumál er varða einstaka landshluta.

Ákvæðum um stjórnarfyrikomulag er breytt þannig að stjórnarmönnum er fjölgað um tvo. Sameinað Alþingi kys fjóra þeirra, borgarstjórn Reykjavíkur þrjá og bæjarstjórn Akureyrar kys einn. Sameiginlega skipa eignaraðilar níunda manninn, sem vera skal formaður stjórnarinnar. Nái eignaraðilar ekki samkomulagi um skipun formanns, skal hann skipaður af Hæstarétti. Kjörtímabil stjórnarinnar er stytta úr sex árum í fjögur. Hófst kjörtímabil nýrrar stjórnar hinn 1. júlí 1983.

Pá er orkumálaráðherra ætlað að tilnefna einn mann til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti. Loks er breytt nokkrum ákvæðum, t. d. um fjárframlög eigenda, ábyrgðir þeirra á skuldbindingum Landsvirkjunar o. fl.

Lög þessi koma í stað laga um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965 með síðari breytingum og laga um Laxárvirkjun nr. 60 frá 1965.

Pann 16. nóvember 1983 staðfesti iðnaðarráðherra nýja reglugerð fyrir Landsvirkjun. Er hún nr. 760/1983 og tók gildi 30. nóvember. Í henni er að finna nánari útfærslu og skýringar á lögnum um Landsvirkjun.

Rekstur 1983.

Orkuvinnsla Landsvirkjunar jókst um 8,1% frá fyrra ári og nam 3 278 GWst., sem var 87% af heildarorkuvinnslu landsins.

Að meðtöldum orkukaupum frá Hitaveitu Suðurnesja og Kröfluvirkjun nam heildarorkuöflun Landsvirkjunar 3 429 GWst. Heildarraforkusala varð alls 3 281 GWst.

Sala á raforku til almenningsrafveitna jókst um 21,4% og til stóriðju um 5,6%. Skýringin á hinni miklu aukningu í raforkusölu til almenningsrafveitna skýrist aðallega af sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar. Að teknu tilliti til þessa var nettó söluaukning til almenningsrafveitna 3,9%.

Með bráðabirgðasamkomulagi ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse, sem gert var í september 1983, hækkaði rafmagnsverðið til ÍSAL hinn 1. júlí úr 6,475 U.S. mills á kWst. í 7,5 U.S. mills og síðan í 9,5 U.S. mills hinn 23. september eða alls um 46,7%. Samkvæmt samkomulaginu á verðið síðan að hækka í 10 U.S. mills þegar verð á áli á heimsmarkaðinum nær a. m. k. 78 Bandaríkjacentum á pund í tuttugu verðskráningardaga samfellt. Vegna þessara hækkana og gengisbreytinga á árinu hækkaði verðið til ÍSAL í krónum um 153%. Verðið til Áburðarverksmiðju ríkisins fylgdi verðinu til ÍSAL. Rafmagnsverð Landsvirkjunar til Íslenska járnblendifélagsins var óbreytt 5,4 norskir aurar á kWst., en hækkaði í krónum vegna gengisbreytinga um 58,4%. Gjaldskrá Landsvirkjunar gagnvart almenningsrafveitum hækkaði á árinu um alls 121,2% og náði í ársbyrjun svipuðu raungildi og 1971. Allt síðan þá höfðu verið í gildi lög um verðlagseftirlit af hálfu ríkisins og gjaldskrárbreytingum verið haldið niðri með þeim afleiðingum, að þær náðu ekki að fylgja almennum verðlagsbreytingum fyrr en síðustu árin, en þá reyndist líka óhjákvæmilegt að hækka gjaldskrána umfram almenna verðlagsþróun til að bæta fjárhagsstöðu fyrirtækisins.

Rekstrarafkoma Landsvirkjunar batnaði verulega á árinu þó hún yrði óhagstæð um 21,8 mkr., en var óhagstæð um 152 mkr. árið 1982. Bætt afkoma stafar af aukinni raforkusölu, hækkun á verði til ÍSAL, lækkun vaxta á erlendum lánnum og raunhæfari stefnu í gjaldskrármálum. Verði stefnu þessari fram haldið, mun hún þegar til lengdar lætur leiða til lækkunar á raforkuverði til almenningsrafveitna.

Við sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar jókst uppsett afl Landsvirkjunar um 49 MW. Með þessari aukningu er heildarvatnsafl Landsvirkjunar 682 MW og varmafl 70 MW eða alls 752 MW. Það skiptist þannig hinn 31. desember 1983:

Vatnsaflstöðvar	682
Ljósafofsstöð	15
Írafofsstöð	48
Steingrímsstöð	26
Búrfellsstöð	210
Sigöldustöð	150
Hrauneyjafossstöð	210
Laxárvirkjun	23

Varmaafstöðvar	70
Elliðaár	19
Straumsvík	35
Bjarnarflag	3
Akureyri	13
Samtals	752 MW

Við yfirtöku Landsvirkjunar á byggðalínum, hinn 1. janúar 1983, fjölgaði aðveitustöðvum í stofnlínukerfi Landsvirkjunar um níu. Aðveitustöðvar þessar eru sameign Rafmagnsveitna ríkisins og Landsvirkjunar svo og Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar.

Eignaskipting og heiti þessara stöðva:

	Eignarhluti		
	Landsvirkjun %	RARIK %	Orkubú Vestfjarða %
Aðveitustöð:			
Vatnshamrar	38,75	61,25	—
Hrútatunga	74,30	25,70	—
Glerárskógar	65,80	34,20	—
Geiradalur	59,10	—	40,90
Mjólka	34,20	—	65,80
Laxárvatn	67,80	32,20	—
Varmahlíð	50,40	49,60	—
Rangárvellir	100,00	—	—
Hryggstekkur	43,30	56,70	—

Orkusala Landsvirkjunar skiptist þannig á árinu 1983:

	Forg. GWst.	Afg. GWst.	Alls GWst.	MW
Almenningsrafveitur	1 341,5	—	1 341,5	
Rafmagnsveita Reykjavíkur	473,5	—	473,5	88,7
RARIK	682,0	—	682,0	109,3
Rafveita Hafnarfjarðar	46,9	—	46,9	8,2
Orkubú Vestfjarða	84,7	—	84,7	13,4
Rafveita Akureyrar	54,4	—	54,4	16,9
Stóriðja	1 684,5	254,7	1 939,2	
Áburðarverksmiðja ríkisins	148,7	—	148,7	23,2
ÍSAL	1 279,4	28,9	1 308,3	168,0
Íslenska járnblendifélagið	256,4	225,8	482,2	72,8
Heildarorkusala	3 026,0	254,7	3 280,7	

Fjármál.

Rekstrartekjur Landsvirkjunar námu á árinu 1983 alls 1 529 mkr. og jukust um 184% frá 1982. Eins og áður sagði varð rekstrarafkoma Landsvirkjunar óhagstæð um tæpar 22 mkr., en 1982 nam rekstrarhallinn 152 mkr. Afkoma fyrirtækisins fór því verulega batnandi.

Langtímalán Landsvirkjunar hækkuðu um 6 325 mkr. og námu í árslok 12 154 mkr. Nýjar lántökur á árinu námu 1 785 mkr., yfirteknar skuldir Laxárvirkjunar voru 58 mkr. Hækkun eldri lána vegna gengisbreytinga nam 4 759 mkr.

Eigið fé Landsvirkjunar hækkaði um 2 797 mkr., þar af námu framlög eigenda 291 mkr. og framlagt eigið fé Laxárvirkjunar 267 mkr.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi (í þús. kr.):

	1983	1982
Rekstrartekjur	1 529 000	539 000
Rekstrargjöld	848 000	345 000
Fjármagnsgjöld	702 000	346 000
Tap	22 000	152 000
Eignir	19 193 000	9 951 000
Skuldir	12 617 000	6 172 000
Eigið fé	6 576 000	3 779 000

Framkvæmdir.

Undirbúningsframkvæmdir að virkjun Blöndu hófust á árinu með uppsetningu vinnubúða, vegagerð og raflínulögn að vinnusvæðinu og um það svæði. Með samningi, dags. 30. desember 1982, milli Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins tóku Rafmagnsveiturnar að sér meginhluta við áframhaldandi framkvæmdir við Suðurlínu. Á árinu 1983 var lokið við allar undirstöður á Suðurlínu að undanskildum 6 undirstöðum við Sigöldu. Þá var lokið við að reisa 525 staura og strengja 105 km af línunni. Suðurlína verður alls 249 km að lengd með 961 staur.

Þriðji áfangi af Kvíslaveitum var unninn á árinu, en hann felst í því að stífla Svartá, Púfuverskvísl og Eyvindarstaðakvísl syðri.

Byggingu Sultartangastíflu lauk á árinu og byrjað var að fylla í lónið 8. nóvember. Eftir er smávægilegur frágangur, sem lokið verður við í ár.

Á árinu 1982 hóf Laxárvirkjun byggingu fjögurra hæða skrifstofuhúss við Glerárgötu 30 á Akureyri. Í árslok 1983 var húsið tilbúið undir tréverk. Búið er að leigja hluta hússins en stjórnstöð Landsvirkjunar fyrir Norður- og Austurland mun verða í hluta hússins.

Rannsóknir.

Á vegum Landsvirkjunar og í samvinnu við ýmsa aðila var unnið að margvíslegum rannsóknum á virkjunarkostum á árinu 1983. Þessar voru helztar:

- Við Blönduvirkjun (150 MW) var unnið að jarðborunum og rannsóknum á byggingarefni.
- Vatnsfellsvirkjun (98 MW). Í júní var lokið við mynsturáætlun um nýtingu fallsins milli Þórisvatns og Króklóns ofan við Sigöldu. Niðurstöður gefa til kynna að Vatnsfellsvirkjun sé hagkvæmur virkjunarkostur.
- Sultartangavirkjun (120 MW). Rannsóknun er að mestu lokið á þessum virkjunarkosti og virkjunartilhögun tilbúin fyrir útboðsgagnagerð.
- Stækkun Búrfellsvirkjunar (140 MW). Verkhönnun er lokið við þennan virkjunarkost. Rannsóknun var haldið áfram til undirbúnings útboðsgagnagerð.
- Fljótsdalsvirkjun (252 MW). Hinn 1. október 1982 yfirtók Landsvirkjun rannsóknir vegna virkjunarinnar, en þær höfðu áður verið undir umsjón Rafmagnsveitna ríkisins. Verkhönnun lauk árið 1982. Á árinu 1983 voru boraðar 3 kjarnaholur á virkjunarsvæðinu og efnisnámun voru kannaðar. Rannsóknir voru gerðar á gróðurfari og hreindýrum. Vegalagning var endurbætt.
- Eldvörp, Reykjanesi. Í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja var boruð 1 265 m djúp gufuhola í Eldvörpum og skiptist kostnaður jafnt milli aðila. Árangur var góður, og eru áætluð afköst holunnar um 20 MW.
- Ýmsar vatna- og jöklamælingar voru gerðar.
- Áfram var haldið línurannsóknum, aðallega vegna fyrirhugaðrar 220 kV háspennulínu frá Hrauneyjafossvirkjun til Akureyrar. Lengd þessarar línu er um 200 km.

Horfur framundan.

Á fyrsta ársfundi Landsvirkjunar, hinn 27. apríl 1984, flutti stjórnarformaður, Jóhannes Nordal ræðu, þar sem hann sagði m. a.:

„... Um síðastliðin áramót námu langtímaskuldir Landsvirkjunar 12,2 milljörðum króna, en eigið fé 6,6 milljörðum. Ef raforkuverð frá Landsvirkjun hefði hins vegar á árunum 1971—1982 fylgt vísitölu byggingarkostnaðar, væru skuldir hennar nú nálægt 3 milljörðum lægri og eigið fé að sama skapi hærra. Hefði þá ekki þurft nema hluta af þeim verðhækkunum, sem samþykktar voru á síðastliðnu ári, til þess að ná hallalausum rekstri. Þannig hefur sú stefna að halda verðlagi raforku niðri á síðasta áratug orðið neytendum skammgóður vermir og aðeins leitt til þess, að skuldabyrðin hefur vaxið óhóflega á tímum hækkandi raunvaxta, en afleiðingin komið fram í mun hærra raforkuverði til neytenda nú og framvegis en ella hefði verið nauðsynlegt.

Þrátt fyrir óhagstæð áhrif verðlagsstefnu liðins tíma, verður Landsvirkjun þó að teljast fjárhagslega sterkt og heilbriggt fyrirtæki. Eigið fé var í lok síðasta árs, eins og áður segir, 6,6 milljarðar króna, sem jafngildir 34,3% af heildareignum. Frá stofnun Landsvirkjunar hefur eigið fé meira en sexfaldast að raungildi, sem samsvarar um 11% aukningu á ári. Ef vel er á haldið, ætti Landsvirkjun því að hafa nægilega sterka fjárhagsstöðu til þess að takast á við verkefni framtíðarinnar, enda nýtur hún góðs trausts hjá lánveitendum á erlendum mörkuðum.

Sé litið á hina tæknilegu hlið, mannvirki fyrirtækisins og rekstur, eru einnig mörg vandamál að baki. Á undanförunum tveimur áratugum hefur verið ráðizt í hvert stórvirkid á fætur öðru, og hefur það mjög reynt á bæði tæknilega og fjárhagslega getu raforkukerfisins. Sumt af þessari fjárfestingu skilar ekki skjótum arði, þar sem markmið hennar höfðu öðrum þræði verið að jafna aðstöðu raforkunotenda milli landshluta og byggðarlaga. Sömuleiðis hafa verið lagðir miklir fjármunir til þess að auka afhendingaröryggi raforku hvarvetna um landið og draga þannig úr rekstrartruflunum og óhagræði. Síðar á þessu ári verður lokið hringtengingu byggðalínukerfisins, og eiga þá allir landshlutar kost á orku frá meginorkuverum landsins úr tveim áttum auk grunn- og varaorku í hverjum landshluta. . . .“

Talið er að litlar hækkanir þurfi að verða á heildsöluverði Landsvirkjunar á næstunni og verða þær alla vega vel innan marka verðlagsbreytinga. Þetta er að sjálfsögðu háð því skilyrði, að takist að halda stöðugleika í gengis- og verðlagsmálum eins og verið hefur undanfarna mánuði. Áætlanir um rekstur Landsvirkjunar næstu árin benda einnig til þess, að heildsöluverð á raforku geti farið hlutfallslega lækkandi á næstu árum. Þetta byggist m. a. á því, að framkvæmdir við byggingu háspennulína verða tiltölulega litlar næstu 10—15 árin, þrátt fyrir nýjar virkjanir.

Framkvæmdir við Blönduvirkjun hefjast í sumar. Samkvæmt áætlunum er gert ráð fyrir að fyrsta vél virkjunarinnar verði gangsett um mitt ár 1988. Enn er ósamið um nokkur atriði við heimamenn á Blöndusvæði, aðallega greiðslur fyrir vatnsréttindi.

Hversu fljótt verður að virkja í framhaldi af Blönduvirkjun fer fyrst og fremst eftir þróun raforkumarkaðarins. Án nýs orkufreks iðnaðar verður varla þörf nýrrar virkjunar fyrr en 1994. Ákvörðun um nýja virkjun eftir virkjun Blöndu ræðst af því, hvort samningar nást um sölu raforku til orkufreks iðnaðar.

Stjórn.

Á fundi Sameinaðs Alþingis, hinn 14. marz 1983, voru eftirtaldir kosnir aðalmenn ríkisins til næstu fjögurra ára: Árni Grétar Finnsson, hrl., Böðvar Bragason, sýslumaður, Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrv. alþingismaður og Baldvin Jónsson, hrl. Aðrir stjórnarmenn eru: Davíð Oddsson, borgarstjóri, Birgir Ísleifur Gunnarsson, alþingismaður, Kristján Benediktsson, borgarfulltrúi og Valur Arnþórsson, kaupfélagsstjóri. Eignaraðilar skipuðu

Jóhannes Nordal formann stjórnar. Páll Flygenring ráðuneytisstjóri var tilnefndur af iðnaðarráðherra til að sitja stjórnarfundi.

Framkvæmdastjóri Landsvirkjunar, Eiríkur Briem, sagði starfi sínu lausu 1. maí 1983. Forstjóri nú er Halldór Jónatansson og aðstoðarforstjóri Jóhann Már Maríusson.

Á árinu 1983 samþykkti stjórn Landsvirkjunar nýtt heildarskipulag fyrir fyrirtækið, og tók það gildi 1. maí 1983. Skiptist fyrirtækið nú í fimm undirdeildir: Aðalskrifstofu, skrifstofustjóri Örn Marinósson. Svæðisskrifstofu Norður- og Austurlands, svæðisstjóri Knútur Otterstedt. Rekstrardeild, rekstrarstjóri Ingólfur Árnason. Verkfræðideild, forstöðumaður Agnar Olsen. Byggingadeild, byggingastjóri Rögnvaldur Þorláksson.

Úttekt fer nú fram á rekstri Landsvirkjunar og hefur stjórnin ráðið til þess verks þrjú ráðgjafafyrirtæki: Hagvang, er sér um úttekt á aðalskrifstofu, Hannarr, sem sér um úttekt á verkfræðideild, byggingadeild og rekstrardeild, og Rekstrarstofuna, er sér um úttekt á rekstri virkjana og spennistöðva.

Orkubú Vestfjarða (OV).

Orkubú Vestfjarða starfar á grundvelli laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, og er sameignarfyrirtæki ríkisins og allra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Hluttur ríkissjóðs er 40%, en hluttur sveitarfélaganna er 60% í fyrirtækinu. Skiptist hluttur sveitarfélaganna innbyrðis milli þeirra í hlutfalli við íbúatölu, en alls eru 29 sveitarfélög á Vestfjörðum.

Tilgangur Orkubúsins er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, þar sem hagkvæmt þykir. Skal Orkubú Vestfjarða eiga og reka vatnsorkuver og dísilraforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og orkudreifingar. Fyrirtækið skal eiga og reka jarðvarmavirki og nauðsynlegt flutningskerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Skal fyrirtækið einnig eiga og reka fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því, sem ákveðið er hverju sinni.

Stofnfundur Orkubús Vestfjarða var haldinn á Ísafirði, hinn 26. ágúst 1977. Sérstakur stofnsamningur var gerður um yfirtöku eigna og skulda, en Orkubúið yfirtók eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum, svo og eignir Rafveitu Ísafjarðar, Rafveitu Patrekshrepps og Rafveitu Snæfjalla.

Vesturlína var tekin í notkun haustið 1980 og tengdi Vestfirði við landskerfið.

Orkubúið hefur reist varmaveitur á Ísafirði, Bolungarvík og Patreksfirði. Selja þær varmaorku til húshitunar.

Rekstur 1983.

Rekstrarafkoma Orkubús Vestfjarða batnaði mjög á árinu. Tap varð þó á rekstrinum, 500 þús. kr., en tapið árið 1982 var rúm 31 mkr. Heildarrekstrargjöld árið 1983 voru um 243 mkr., þar af voru afskriftir 42 mkr. og fjármagnsgjöld 63 mkr.

Orkubú Vestfjarða fær 20% af verðjöfnunargjaldi á raforku í sinn hlut. Árið 1983 nam þessi hluttur 55 mkr. eða um 23% af heildartekjum fyrirtækisins.

Eigið fé Orkubús Vestfjarða nam um seinustu áramót 421 mkr. og langtímaskuldir voru um 540 mkr.

Að jafnaði störfuðu 77 manns hjá fyrirtækinu á s. l. ári.

Heildarorkuöflun Orkubús Vestfjarða varð alls 171 197 MWh. og hafði aukizt um 9,5% frá fyrra ári. Skipting orkuöflunar var þannig:

Raforkuvinnsla vatnsaflsvirkjana	40,5%
Raforkuvinnsla dísilstöðva	2,3%
Orkuvinnsla í svartolíuköttlum vegna hitaveitna	6,8%
Orkukaup frá Landsvirkjun og RARIK	50,4%
Samtals	100,0 %

Orkuvinnsla dísilstöðva og orkuvinnsla í svartolíuköttlum minnkaði verulega frá fyrra ári.

Raforkusölusamningur Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar gekk í gildi 1. janúar 1983. Samkvæmt þessum samningi er orkuverð til Orkubús Vestfjarða um 20% lægra en það hafði verið frá RARIK og enn fremur skuldbindur Landsvirkjun sig til að greiða allan olíukostnað við dísilvélar, ef hún getur ekki afhent orku um Vesturlínu. Einnig eru nokkur fleiri atriði, sem eru til bóta frá fyrri viðskiptaháttum.

Ákvæðið um olíukostnaðinn í þessum samningi þýddi, að á árinu 1983 endurgreiddi Landsvirkjun Orkubúi Vestfjarða 3,6 mkr. vegna orkukaupa.

Af raforku voru seldar um 100 GWh og er aukning í sölu frá fyrra ári 8,4%. Tekjur Orkubúsins af þessari orkusölu voru 138 mkr. og meðalverð á seldri kílóvattstund 139,9 aurar, sem er 106% hækkun frá fyrra ári. Í þessari tölu er ekki reiknað með söluskatti og verðjöfnunargjaldi.

Raforkusala	GWh	%
Til heimilisnota	10	10
Til búrekstrar	10	10
Til stórra véla	24	24
Til hitunar	52	52
Til annarra nota	4	4
Samtals	100	100

Staða samkvæmt rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1983:

	1983	1982
Rekstrartekjur	242 160 000	105 866 000
Rekstrargjöld	180 062 000	99 114 000
Fjármagnsgjöld	62 555 000	44 031 000
Tap	501 000	31 289 000
Eignir	1 047 392 000	570 912 000
Skuldir	626 369 000	385 202 000
Eigið fé	421 022 000	185 709 000

Framkvæmdir.

Verulega hefur nú dregið úr framkvæmdaþörf á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða frá því, sem var við stofnun þess. Til nýframkvæmda árið 1983 var varið 56 mkr. Nýframkvæmdir voru fjármagnadar með lánsfé að upphæð 36 mkr. Úr rekstri komu tæpar 20 mkr., þar af voru rúmar 7 mkr. stofnfjárframlag úr Orkusjóði vegna sveitarafvæðingar. Að auki yfirtók Orkubú Vestfjarða eignarhluta RARIK í aðveitustöðvunum við Mjólka og í Geiradal, og fór sú yfirtaka fram 1. janúar 1983.

Umsamið verð fyrir þennan eignarhluta í aðveitustöðvunum var 15,3 mkr. og fékk Orkubú Vestfjarða þá upphæð alla lánaða.

Helztu framkvæmdaverkefni mætti nefna styrkingu lína, endurbætur á aðveitustöðvum og spennistöðvum og aukningu dreifikerfa hitaveitu á Ísafirði, Bolungarvík og Patreksfirði.

Rekstrarhorfur 1984.

Í rekstraráætlun ársins 1984 er gert ráð fyrir tæpum 9 mkr. hagnaði. Rekstrargjöld eru áætluð 303 mkr., þar af eru fjármagnsgjöld 75 mkr. og afskriftir 50 mkr. Rekstrartekjur eru áætlaðar 312 mkr., þar af er verðjöfnunargjald 72 mkr. og niðurgreiðsla á raforku 34 mkr. Bætt afkoma gefur ekki tilefni til lækkunar á orkuverði strax, en bendir þó til þess, að hækkun raforkuverðs verði innan almennra verðlagshækkana. Byrja verður á því að leysa uppsafnaðan vanda undangenginna ára, draga úr lántökum til framkvæmda og greiða niður skuldir. Til lengri tíma lítið leiða þessar aðgerðir til lækkaðs orkuverðs.

Stjórn.

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1984: Kristinn Jón Jónsson, verkstjóri, skipaður af iðnaðarráðherra, og Engilbert Ingvarsson, bóndi, skipaður af fjármálaráðherra. Aðrir stjórnarmenn eru Ólafur Kristjánsson, skólastjóri, formaður, Höskuldur Davíðsson, sveitarstjóri og Kristján Jónsson, framkvæmdastjóri.

Framkvæmdastjóri Orkubús Vestfjarða er Kristján Haraldsson.

Rafmagnsveitur ríkisins.

Rafmagnsveitur ríkisins starfa á grundvelli IX. kafla orkulaga nr. 58/1967 og eru eign ríkisins og starfræktar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki.

Skipta má rekstri Rafmagnsveitanna í þrennt: Orkuöflun, orkuflutning og orkudreifingu. Þetta eru ólíkir starfspættir en eru að sjálfsögðu samtengdir.

Með orkuöflun er átt við orkukaup, rekstur eigin vatnsaflsstöðva og dísilstöðva, en orkukaup eru aðallega frá Landsvirkjun en einnig lítils háttar frá Skeiðsfossvirkjun og Andakilsárvirkjun.

Með orkuflutningi er átt við flutning eftir stofnlínakerfi frá orkuafhendingarstað til aðveitustöðva þaðan sem dreifing fer fram til notenda eða orkusala til rafveitna sveitarfélaga.

Með orkudreifingu er átt við flutning frá aðveitustöð um innanbæjarkerfi til einstakra notenda, svo og um sveitalínur til sveitabæja og annarra notenda í dreifbýli.

Rafmagnsveitur ríkisins sáu um byggingu og rekstur byggðalína til ársloka 1982, en þá yfirtók Landsvirkjun þær. Rafmagnsveiturnar sjá áfram um reksturinn samkvæmt sérstöku samkomulagi við Landsvirkjun. Einnig hafa Rafmagnsveiturnar annazt áfram byggingu byggðalína og aðveitustöðva við þær í samvinnu við Landsvirkjun.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá einnig um rekstur Kröfluvirkjunar í umboði ríkissjóðs. Viðræður eru hafnar milli stjórnvalda og Landsvirkjunar um yfirtöku Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun.

Starfsemi — Orkuveitusvæði.

Rafmagnsveitur ríkisins dreifa raforku um alla landshluta (að undanskildum Vestfjörðum) á þeim svæðum þar sem rafveitur sveitarfélaga starfa ekki. Ennfremur selja Rafmagnsveiturnar mörgum rafveitum sveitarfélaga raforku í heildsölu. Á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins eru tæp 12% af íbúum í þéttbýli, en tæp 90% af íbúum í sveitum. Um 20% landsmanna eru á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

Aðalskrifstofa Rafmagnsveitnanna er í Reykjavík, en auk þess eru svæðisskrifstofur í Stykkishólmi, á Blönduósi, Akureyri, Egilsstöðum og Hvolsvelli.

Raforkuöflun.

Rafmagnsveiturnar kaupa raforku í heildsölu, aðallega frá Landsvirkjun, og framleiða einnig orku í eigin orkuverum. Heildarorkuöflun Rafmagnsveitnanna árið 1983 var 834 GWh og skiptist hún þannig:

Eigin orkuvinnsla	106 GWh
Aðkeypt orka	728 GWh

Framleiðsla Kröfluvirkjunar var 130 GWh og er talin með aðkeyptri orku.

Orkuöflun árið 1982 var 907 GWh og hefur því minnkað um 73 GWh eða um 8% milli ára. Landsvirkjun yfirtók byggðalínur hinn 1. janúar 1983 og færðist því orkusala til Orkubús Vestfjarða um byggðalínur á hendur Landsvirkjunar. Sú sala nam 70 GWh á árinu 1982.

Raforkusala.

Rafmagnsveitur ríkisins selja eins og áður sagði raforku til rafveitna sveitarfélaga í heildsölu og beint til notenda annars staðar þar sem rafveitur sveitarfélaga eru ekki starfandi. Heildarraforkusala á árinu 1983 var 721 GWh og minnkaði um 54 GWh eða 7% frá árinu áður, m. a. vegna þess að orkusala til Orkubús Vestfjarða færðist í hendur Landsvirkjunar frá 1. janúar 1983. Í heildsölu voru seldar 262 GWh. Smásala skiptist þannig eftir notkun árið 1983:

	GWh	%
Almenn notkun	49	11
Markmæling til landbúnaðar	170	37
Vélanotkun	78	17
Húshitun	143	31
Annað	19	4
Samtals	459	100

Auk þess seldu Rafmagnsveiturnar heitt vatn, er samsvarar 29 GWh, til hitaveitna á Höfn í Hornafirði og Seyðisfirði.

Reiknað er með að 70% af raforkusölu í landbúnaði séu vegna húshitunar. Rafmagnsveiturnar hafa því selt samtals 262 GWh til húshitunar (markmæling í landbúnaði 119 GWh og húshitun 143 GWh) eða 57% af raforkusmásvöllum.

Nýframkvæmdir.

Á árinu 1983 var unnið að nýframkvæmdum fyrir 224,5 mkr. og er það 43,2% samdráttur frá árinu áður í krónum talið. Meginástæðan fyrir þessum samdrætti er sú, að Landsvirkjun yfirtók rekstur og byggingu byggðalína 1. janúar 1983, svo og undirbúning Blöndu- og Fljótsdalsvirkjunar frá 1. október 1982. Nýframkvæmdir ársins skiptust þannig:

	Mkr.
Vatnsaflsvirkjanir	0,3
Dísilstöðvar	6,1
Stofnlínur	45,1
Aðveitustöðvar	43,5
Innanbæjarkerfi	37,1
Fasteignir, bílar og áhöld	34,5
Sveitaveitur	53,2
Gjaldmælar	4,7
Samtals	224,5

Framkvæmdir við sveitaveitur eru að mestu fjármagnaðar með framlagi Orkusjóðs, en aðrar framkvæmdir með lánsfé.

Fjárhagsafkoma 1983 (bráðabirgðatölur).

Rekstrartekjur voru 1 172 mkr. Rekstrargjöld námu 982 mkr., þar með taldar afskriftir og fjármagnsgjöld sem voru 197 mkr. Rekstrarhalli var 7 mkr. á árinu.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi (í þús. kr.) í árslok 1983:

		1983	1982
Rekstrartekjur		1 172 000	510 355
a) Orkusala	927 000		
b) Verðjöfnunargjald o. fl.	245 000		
Rekstrargjöld		1 179 000	452 783
a) Rekstrargjöld	982 000		
b) Fjármagnsgjöld	197 000		
Rekstrarhalli		7 000	40 958
Eignir		5 729 000	2 964 000
Skuldir		4 769 000	2 548 000
Eigið fé		960 000	415 000

Starfsmenn voru 374 í árslok 1983. Ársverk 1983 voru 415.

Horfur í rekstri 1984.

Rekstraráætlun fyrir árið 1984 ber með sér að jafnvægi er fyrirsjáanlegt, verði verðbólgunni haldið niðri. Fjórir þættir rekstrargjalda skipta höfuðmáli varðandi rekstrargjöld: Gjaldskrá Landsvirkjunar, gengi erlendra myntar, vextir lána og laun. Verði ekki umtalsverðar breytingar á nefndum liðum á árinu 1984 verður mögulegt að hafa smásölu-gjaldskrá óbreytta allt árið.

Rekstraráætlun 1984 á verðlagi í árslok 1983 í þús. kr.

Tekjur		1 571 800
Orkusala	1 262 500	
Verðjöfnunargjald o. fl.	309 300	
Gjöld		1 570 700
Rekstrargjöld	1 359 100	
Fjármagnsgjöld	211 600	
Hagnaður		1 100

Af tekjuliðnum „Verðjöfnunargjald o. fl.“ eru tekjur af verðjöfnunargjaldi á árinu 1984 áætlaðar 291 mkr. Ljóst er því, að verðjöfnunargjaldið er verulegur þáttur í tekjuöflun Rafmagnsveitnanna. Verði verðjöfnunargjaldið lækkað eða fellt niður með öllu, er ljóst að tryggja verður Rafmagnsveitunum aðrar tekjur til að standa undir rekstrar- og fjármagnsgjöldum, eða létta á þeim lánabyrði. Í því sambandi hafa Rafmagnsveiturnar bent á framlög úr ríkissjóði til óarðbærra eða félagslegra framkvæmda, yfirtöku ríkisins á hluta af skuldum Rafmagnsveitnanna svo og niðurfellingu aðflutningsgjalda til flutnings- og dreifikerfa fyrir raforku. Ætlunin er að skoða þetta mál frekar, og verður það lagt fyrir Alþingi í haust. Framkvæmdir á árinu 1984 eru áætlaðar 240 mkr. og er það 7% aukning í krónum talið frá árinu 1983.

Stjórnun.

Í framhaldi af úttekt á rekstri fyrirtækisins, framkvæmdri af Hagvangi h.f., tók nýtt skipulag gildi fyrir Rafmagnsveitur ríkisins hinn 15. febrúar 1984. Stefnt er að því, að endurskipulagningu fyrirtækisins verði að fullu lokið 15. febrúar 1985.

Rafmagnsveitustjóri er Kristján Jónsson. Forstöðumaður fjármálasviðs er Sveinbjörn Óskarsson og tæknisviðs Steinar Friðgeirsson. Svæðisrafveitustjórar eru þeir Ásgeir Þór Ólafsson, Vesturlandi, Sigurður Eymundsson, Norðurlandi vestra, Ingólfur Árnason, Norðurlandi eystra, Erling Garðar Jónasson, Austurlandi og Örlygur Jónasson, Suðurlandi.

Stjórn Rafmagnsveitna ríkisins skipa: Pálmi Jónsson, Akri, formaður, Gylfi Magnússon, Ólafsvík, Sveinn Ingvarsson, Reykjavík, Sigurður Ágústsson, Sauðárkróki, Sveinn Jónsson, Egilsstöðum.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Prentsmiðjan hefur verið eign ríkisins frá árinu 1930. Meginverkefni fyrirtækisins hafa verið prentverk fyrir Alþingi, Stjórnarráð og ríkisstofnanir. Starfsemi var með svipuðum hætti árið 1983 og undanfarin ár.

Rekstrarafkoma fyrirtækisins var svipuð á árinu 1983 og árið 1982 eða tæprar 1 mkr. tap.

Prentsmiðjan hefur lagt í mikla undirbúningsvinnu í sambandi við móttöku á texta frá viðskiptamönnum prentsmiðjunnar og er þar bæði um að ræða flutning texta á diskettum og með símatengingu. Þessu verki verður að öllum líkindum lokið í maí 1984. Á árinu 1983 keypti prentsmiðjan nýjan og fullkominn pappírsskurðarhníf. Fest hafa verið kaup á nýrri prentvél, sem væntanlega verður tekin í notkun í lok maí 1984. Stefnt er að því að setja í gang „hraðþjónustu“ og er þess vænt að hún verði komin í gagn við næsta haust.

Fjöldi starfsmanna um s. l. áramót var 74 og er það nánast sami starfsmannafjöldi og árið 1982. Ekki er búizt við neinum breytingum á fjölda starfsmanna.

Að tilhlutan iðnaðarráðherra stendur nú yfir úttekt á rekstri prentsmiðjunnar og er það verk unnið af ráðgjafafyrirtækinu „Hannarr“.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1983:

	1983	1982
Rekstrartekjur	44 888 000	24 813 000
Rekstrargjöld	37 095 000	21 303 000
Fjármagnsgjöld*	6 881 000	2 750 000
Tap	912 000	760 000
Eignir	43 514 000	25 669 000
Skuldir	8 594 000	4 337 000
Eigið fé	34 920 000	21 332 000

* Verðbreytingafærsla árið 1983 er 1 578 þús. kr.

Hinn 5. janúar 1984 lézt Ragnar Guðmundsson, forstjóri Gutenbergs. Með bréfi Iðnaðarráðuneytisins, dags. 6. janúar 1984, var Guðmundur Kristjánsson, skrifstofustjóri Gutenbergs settur til þess að gegna stöðu forstjóra þar til öðruvísi verður ákveðið.

Sementsverksmiðja ríkisins.

Sementsverksmiðja ríkisins tók til starfa árið 1958. Starfræksla verksmiðjunnar byggir á lögum nr. 35/1948 ásamt breytingu á þeim lögum nr. 7/1961. Fyrirtækið er alfarið í eigu ríkisins. Það lýtur fimm manna þingjörinni stjórn, sem kosin er til fjögurra ára. Úr hópi stjórnarmanna skipar iðnaðarráðherra formann.

Rekstur 1983.

Gjallframleiðsla verksmiðjunnar varð 97 400 tonn, samanborið við 103 600 tonn 1982, sem var metár. Rekstrardagar ofnsins voru 330 og framleiðslan því 295,15 tonn á dag að meðaltali. Þetta varð heldur minni framleiðsla á dag en árið áður, enda urðu nokkrar rekstrartruflanir við að breyta frá svartolíubrennslu yfir í kolabrennslu. Framleiðsla sements varð 120 410 tonn, en sala 114 947 tonn.

Framleiðsla og sala sements 1983 í tonnum (1982 til samanburðar).

	1983		1982	
	Framl.	Selt	Framl.	Selt
Portlandsement	102 052	97 486	110 770	108 841
Hraðsement	15 292	13 631	15 300	13 830
Pozzolansement	3 066	3 765	1 500	1 394
Hvítt sement, innfl.		65		30
Alls tonn	120 410	114 947	127 500	124 095

Skipting milli sölu á lausu og sekkjuðu sementi var sem hér segir:

	Laust	Sekkjað
Portlandsement	66 114	31 372
Hraðsement	11 559	2 072
Pozzolansement	3 765	
Alls tonn	81 438	33 444
Skipting	70,9%	29,1%

Árið 1982 var sala á lausu sementi 66,6% og sekkjuðu 33,4%.

Verð hækkaði þrisvar sinnum á árinu 1983 og að auki flutningsjöfnunargjald tvisvar. Hækkun frá ársbyrjun til ársloka var 48,1%. Rekstur verksmiðjunnar stóð nokkurn veginn í járnum eins og fram kemur hér á eftir. Tap varð á rekstrinum að upphæð 2,5 mkr. Afskriftir námu 52 mkr. og verðbreytingarfærsla nam um 91 mkr.

Fastráðið starfsfólk í árslok 1983 var 118. Því hafði fækkað um 9 manns frá fyrra ári. Helztu niðurstöður skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1983:

	(Í þús. kr.)	
	1983	1982
Rekstrartekjur	290 300	178 013
Rekstrargjöld	282 900	154 290
Nt. fjármagnstekjur (gjöld)	(9 900)	(25 290)
Hagnaður (tap)	(2 500)	(1 580)
Eignir	437 600	270 026
Skuldir	260 900	153 600
Eigið fé	176 700	116 400

Rekstrarhorfur 1984.

Áætlað er, að sementssala verði nokkru minni en árið 1983, en þó hefur salan fyrstu mánuði ársins reynzt heldur meiri en áætlað var í upphafi þess.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir að reksturinn verði með svipuðu sniði og verið hefur. Þrátt fyrir minnkandi sölu er þess vænt, að verðbreytingar á sementi á árinu verði vel innan þeirra marka, sem almennt verðlag í landinu kann að breytast frá upphafi til loka ársins. Ástæðan er sú, að nú nýtur verksmiðjan að fullu góðs af breytingunni frá svartolíubrennslu

yfir í kolabrennslu, sem átti sér stað á miðju ári 1983. Hefur þessi fjárfesting þegar sannað ágæti sitt og á eftir að spara Sementsverksmiðjunni umtalsvert fé.

Stærsta framkvæmd verksmiðjunnar á árinu 1984 er uppsetning nýrrar rafsiú við brennsluofn, en ráðgert er að ljúka verkinu um mitt ár. Áætluð útgjöld á árinu vegna þessa eru um 6 mkr.

Ýmsar smærri framkvæmdir og fjárfestingar eru fyrirhugaðar á árinu, en alls er áætlað að verja um 17—18 mkr. til þessa, skv. áætlunum þar um.

Fyrir tilstuðlan iðnaðarráðherra stendur nú yfir úttekt á rekstri Sementsverksmiðjunnar og annast ráðgjafarfyrtækið „Kaupþing“ þá athugun.

Stjórn.

Á fundi Sameinaðs Alþingis í desember 1980 var kosið í stjórn Sementsverksmiðjunnar til fjögurra ára. Eftirtaldir skipa nú stjórnina: Skúli Alexandersson, alþingismaður, formaður, Ásgeir Pétursson, bæjarfógeti, Daníel Ágústínusson, aðalbókari, Friðjón Þórðarson, alþingismaður og Sigurjón Hannesson, trésmíðameistari.

Framkvæmdastjóri tæknimála er Guðmundur Guðmundsson og framkvæmdastjóri viðskipta- og fjármála Gylfi Þórðarson.

Sjóefnavinnslan h.f., Reykjanesi.

Með lögum nr. 62/1981 var ríkisstjórninni heimilað að beita sér fyrir stofnun hlutafélags til að reisa og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi, svo og að leggja fram hlutafé úr ríkissjóði og veita ríkisábyrgð fyrir lánnum til hlutafélagsins.

Stjórn fyrirtækisins er kosin á aðalfundi nema fulltrúar ríkissjóðs, sem skipaðir eru af iðnaðar- og fjármálaráðherra að jöfnu. Iðnaðarráðherra fer með mál, er snerta eignaraðild ríkissjóðs að félaginu, sbr. þó tilnefningu fulltrúa í stjórn á aðalfundi.

Sjóefnavinnslan h.f. var stofnuð 12. desember 1981. Eigendur eru ríkissjóður, sveitarfélögin á Suðurnesjum og auk þess um 500 aðrir aðilar, félög og einstaklingar. Ríkissjóður á 80% hlutafjárins. Hlutverk félagsins er að stofnsetja og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Starfsemi þess er framhald af starfsemi Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi h.f., sem áður hafði starfað um nokkurra ára skeið.

Framleiðsla.

Félagið vinnur að því að koma upp stórvirkum búnaði til þess að vinna salt, kalí og kalsíumklóríð úr söltu borholuvatni, sem fæst á staðnum. Auk þess eru uppi áform um að vinna þarna ýmis önnur efni, sem tengjast slíkri framleiðslu, svo sem klór og vítissóta, natríum hypóklóríð, saltsýru, og ennfremur er natríumklórat-vinnsla í athugun.

Framleiðslan fer þannig fram, að jarðgufa og saltvatn (jarðsjór) er fengið úr borholum. Til þess að vinna föst efni úr þessum salta vökva þarf eimingu. Hún fer fram í eimum, sem fá orku sína frá gufunni, og síðan má kristalla út salt í sérstökum tækjum eftir því sem við á um salttegund þá, sem vinna skal.

Meðal annars er ætlunin að vinna verulegt magn fisksalts. Fisksaltið er unnið úr leginum í opnum gufuhituðum kristöllunarpönnum. Saltlögur sá, sem frá pönnunum kemur, inniheldur mikið saltmagn til viðbótar því, sem þannig er unnið. Þetta salt er unnið með vissri gerð kristöllunareima. Salt þetta er mjög finkornótt og er ætlað til notkunar í ýmiss konar iðnaði og matvælagærð. Þetta er sú salttegund, sem mesta þýðingu hefur varðandi framleiðslu þessara þátta og sem undirstaða frekari efnaíðnaðar.

Í framhaldi af því má vinna kalí (kalíumklóríð til áburðar) úr þessum legi.

Framkvæmdir.

Hér er um að ræða framkvæmdir, sem eiga sér ekki hliðstæðu annars staðar. Farið hafa fram umfangsmiklar framleiðslutilraunir og uppbygging framleiðsluþátta mótast af fenginni reynslu. Veigamikill þáttur í undirbúningsstarfsemi var rekstur tilraunaverksmiðju þar sem lausn fékkst á ýmsum tæknilegum atriðum, sem lúta að framleiðslu úr jarðsjónum. Hafa verið gerðar umfangsmiklar tilraunir með mismunandi gerðir fisksalts. Sú gerð salts, sem ákveðið hefur verið að framleiða, var prófuð á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, og reyndist það betur en Miðjarðarhafssalt. Mat stofnunarinnar í þessu tilviki samsvarar því, að fiskur saltaður með Reykjanessalti sé nokkru verðmætari en fiskur saltaður með Miðjarðarhafssalti.

Nú stendur yfir bygging byrjunaráfanga sjóefnavinnslu, sem miðast við 8 000 tonna saltframleiðslu á ári. Þessi byrjunaráfangi er byggður sem fyrsti hluti hinnar áætluðu verksmiðju. Honum er ætlað það hlutverk að kanna enn nánar viðbrögð notenda um gæði salttegunda þeirra og annarra efna, sem framleiða skal. Hefur allmikillar reynslu þegar verið aflað.

Fyrsti þáttur þessa máls var bygging svonefnds pönnuhúss, þar sem nú eru framleidd 5 tonn á dag af fiskisalti.

Ennfremur er stefnt að því að koma upp svonefndri fínsaltsdeild, sem mun framleiða ýmsar gerðir fínsalts, kalí og kalsíumklóríð úr legi þeim, sem fæst við grófsaltsvinnsluna.

Framkvæmdakostnaður félagsins á árinu 1983 nam alls um 73 mkr. Á árinu var lokið borun nýrrar holu. Árangur varð mjög góður. Talið er að þetta sé afkastamesta hola í heiminum. Hiti í holunni er 270°C. Ef hún væri virkjuð fengjust allt að 22 MW af rafmagni. Úr holunni er talið að vinna megi allt að 70 þús. tonn af salti.

Byggð var 25 000 m² geymsluþró fyrir affallslög, sem fínsalt verður síðan unnið úr.

Lögð var ný endanleg gufulögn frá borholu 8.

Byggt var rafstöðvarhús og upp settur 500 kw gufuhverfill. Byggð var skiljustöð og hljóðdeyfastöð. Byggð var eimingarþró og smíði eima og hitara boðin út ásamt undirstöðum undir eima.

Þá fór fram útboð vegna tækjabúnaðar í fínsaltsdeild.

Öll stærri verk voru boðin út og reyndust tilboð í öll verk vera undir kostnaðaráætlun.

Þá hóf fyrirtækið sölu á gufu til fiskimjölsverksmiðju er reist hefur verið í nágrenni athafnasvæðis Sjóefnavinnslunnar h.f.

Félagið hélt áfram könnun á framleiðslu natríum-klórats. Rætt var við sænska, finnska og vestur-þýzka aðila og er málið unnið í samráði við Iðnaðarráðuneytið og Stóriðjunefnd.

Starfsmenn félgsins voru 13 í árslok 983, 10 á verkswæði og 3 á skrifstofu, og hafði starfsmönnum fjölgað um 5 á árinu. Auk þess unnu tæknilegir ráðgjafar fyrir félagið undir stjórn Baldurs Línalds, efnaverkfræðings.

Efnahagar í árslok 1983 (í þús.):

	1983	1982
Eignir	210 000	69 000
Skuldir	151 000	58 500
Eigið fé	59 000	10 500

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1984 eru: Guðmundur Einarsson, verkfræðingur, formaður, skipaður af iðnaðarráðherra, Árni Kolbeinsson, skipaður af fjármálaráðherra, Halldór Ibsen, skipaður af iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra sameiginlega.

Framkvæmdastjóri er Finnbogi Björnsson.

Verkefni framundan.

Ljóst er, að ekki verður hafizt handa um byggingu fínsaltsdeildar á árinu 1984 vegna fjárskorts.

Um mitt ár 1984 er áætlað, að smíði og uppsetningu eimastöðvar verði lokið. Eykst þá framleiðslan að miklum mun.

Við framleiðslu Sjóefnavinnslunnar h.f. fellur til allmikill lágheit. Að undanfögnu hafa fyrirtækinu borizt fyrirspurnir, innlendar og erlendar, varðandi kaup á orku til fiskeldis.

Innan tíðar hefjast eldistilraunir Fiskifélags Íslands á svæðinu og mun Sjóefnavinnslan styðja þær eftir mætti, óbeint.

Þá er frekari rafmagnsframleiðsla í athugun, m. a. vegna þarfa fyrirhugaðra fiskeldisstöðva.

Ekki eru uppi neinar breytingar á eignaraðild ríkisins að verksmiðjunni fyrr en framkvæmdum er lokið.

Með bréfi, dags. 24. apríl 1984, óskaði Iðnaðarráðuneytið eftir því, að Iðntæknistofnun Íslands gerði athugun á rekstri og framtíðarmöguleikum Sjóefnavinnslunnar h.f. á Reykjanesi.

Steinullarverksmiðjan h.f., Sauðárkróki.

1. Stofnun félagsins.

Þar sem steinullarverksmiðjan er eina meiriháttar nýiðnaðarfyrirtækið, sem nú er í byggingu, þykir rétt að gera hér ítarlega grein fyrir málinu.

Með lögum nr. 61 frá 4. júní 1981, um steinullarverksmiðju, var ríkisstjórninni heimilað að taka þátt í stofnun hlutafélags um byggingu steinullarverksmiðju og leggja fram allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði fyrirhugaðrar steinullarverksmiðju.

Á fundi ríkisstjórnarinnar, 25. maí 1982, var samþykkt svofelld tillaga: „Með tilvísun til laga nr. 61/1981 samþykkir ríkisstjórnin fyrir sitt leyti, að steinullarverksmiðja rísi á Sauðárkróki á vegum Steinullarfélagsins h.f. í samræmi við meginhugmyndir, sem félagið hefur lagt fram um stærð og markað.“

Hinn 2. desember 1982 var undirritaður stofnsamningur fyrir Steinullarverksmiðjuna h.f., og undirritaði iðnaðarráðherra stofnsamninginn fyrir hönd íslenska ríkisins. Hluthafar eru íslenska ríkið með 40% hlutafjár og Steinullarfélagið h.f. með 60% hlutafjár. Jafnframt gaf Sauðárkrókskaupstaður út yfirlýsingu um, að hann myndi ábyrgjast hlutafjárframlög Steinullarfélagsins með hliðsjón af skilyrðum ríkisins. Á árinu 1983 ákváðu Kaupfélag Skagfirðinga, Samband ísl. samvinnufélaga og Oy Partek ab, Finnlandi, að gerast hluthafar í félaginu.

Hluthafar í Steinullarverksmiðjunni h.f. eru því nú:

	Hlutafé kr.	%
Íslenska ríkið	27 300 000	40
Steinullarfélagið h.f.	16 500 000	24
Samband ísl. samvinnufélaga	12 400 000	18
Kaupfélag Skagfirðinga	4 200 000	6
Oy Partek ab, Finnlandi	7 900 000	12
Samtals	68 300 000	100

(Upphæðir eru miðaðar við verðlag í september 1983).

Ríkið hefur þegar greitt 11.5 mkr. af hlutafé sínu.

Stærsti hluthafinn í Steinullarfélaginu h.f. er Sauðárkrókskaupstaður, en hluthafar eru alls 324 talsins, einstaklingar og fyrirtæki.

2. Stofnkostnaður og fjármögnun.

Stofnkostnaður verksmiðjunnar er þannig áætlaður í september 1983:

Byggingar	60 200 000
Vélar og tæki	139 800 000
Annað (vextir á byggingartíma o. fl.)	27 600 000
Samtals	227 600 000

Fjármögnun er áætluð:

Hlutfé	68 300 000
Útflutningslán	86 200 000
Önnur erlend lán	33 100 000
Iðnþróunarsjóður og Iðnlánasjóður	40 000 000
Samtals	227 600 000

Ríkisstjórnin hefur heimild til að ábyrgjast 25% af nauðsynlegum stofnlánnum og hefur verið ákveðið að nýta þá heimild. Reiknað er með að ábyrgð ríkisins sé nauðsynleg vegna erlendra lána sem tekin verða á árinu 1985. Útlit er fyrir, að ekki þurfi að nýta þá heimild til fulls.

Rekstrarfé mun verksmiðjan fá í gegnum endurkaupalánakerfi Seðlabankans og frá banka fyrirtækisins, Búnaðarbanka Íslands.

Fjöldi starfsfólks er áætlaður 38 manns fyrsta starfsárið en verður 53 við 6 000 tonna framleiðslu.

Í arðsemisútreikningum er gengið út frá tilboði Ríkisskips um flutning á steinull innanlands.

3. Markaður.

Í upphafi kannaði stjórn verksmiðjunnar hvernig best væri að standa að sölu- og dreifingarmálum. Niðurstaðan var sú að leita eftir samningum við Samband ísl. samvinnufélaga um sölu á vörum verksmiðjunnar. Samningur þessi var samþykktur á framhaldsaðalfundi Steinullarverksmiðjunnar h.f., þann 26. október 1983.

Sambandið mun frá þeim tíma, er það tekur að sér dreifingu á vörum verksmiðjunnar, hætta öllum innflutningi á gler- og steinull. Sambandið hefur haft milli 50 og 60% af glerullar- og steinullarmarkaðnum hérlendis. Ennfremur munu fjórar stærstu byggingavöruverzlanir á Stór-Reykjavíkursvæðinu kaupa beint frá verksmiðjunni.

Steinullarverksmiðjan hefur mikla fjarlægðarvernd vegna þess hve flutningskostnaður er hátt hlutfall af söluverði.

Dreifendur steinullar spara nokkuð í birgðahaldi með tilkomu íslenzkrar steinullarverksmiðju.

Gerð hefur verið ítarleg markaðskönnun vegna þessa máls.

Markaður fyrir óbrennanlega einangrun (glerull og steinull) er nú talinn skiptast þannig:

	Tonn
Einangrun nýrra bygginga	2 643
Endureinangrun gamla húsa	840
Hljóðeinangrun	482
Annað	200
Samtals	4 165

Reiknað er með að verksmiðjan geti náð 90% af þessum markaði á 3 árum.

4. Arðsemi.

Ákveðið hefur verið að miða framleiðslugetu verksmiðjunnar við innlendan markað. Hámarksframleiðslugeta verður 6 000 tonn á ári. Gert er ráð fyrir, að fyrsta árið selji verksmiðjan 2 650 tonn, en eftir 10 ára starfrækslu verði sala orðin 5 400 tonn.

Reiknuð hefur verið út arðsemi fjármagns og hlutafjár. Nýjustu útreikningar eru frá september 1983. Miðað er við 12% vexti af lánum. Reiknað er með tilviki þar sem miðað er við 8% árlega verðbólgu svo og raunávöxtun.

Helstu niðurstöður eru þessar:

	Heildarfjármagn eftir skatta		Hlutafé eftir skatta	
	8% verðbólga %	Raun- ávöxtun %	8% verðbólga %	Raun- ávöxtun %
Aðalviðmiðun	28,4	18,9	37,7	27,5
10% verðlækkun	24,5	15,3	30,4	20,7
10% magnminnkun	25,8	16,5	32,8	23,0
Sala fer ekki fram úr 5 100 tonnum	27,4	18,0	36,5	26,4

Greiðslufjárvandamál samkvæmt þessum útreikningum verða aðeins ef verð lækkar um 10%, þá yrðu greiðsluferfiðleikar fyrsta árið.

5. Framkvæmdir og fjármögnun þeirra.

Undirbúnings- og framkvæmdakostnaður var í árslok 1983 orðinn 7,9 mkr., uppfærður til verðlags skv. skattareglum. Þar er meðtalinn undirbúningskostnaður ríkissjóðs, Sauðárkróksbæjar og Steinullarfélagsins h.f. frá 1977.

5.1 Vélakaup.

Á síðari hluta ársins 1983 og í byrjun árs 1984 var gengið endanlega frá kaupum á vélbúnaði fyrir verksmiðjuna, fjármögnun á þeim kaupum og ábyrgðum. Samningur um vélakaup var gerður við Oy Partek ab, Finnlandi að upphæð FIM 16 378 646 (85 mkr. á gengi í apríl 1984). 15% samningsupphæðar voru greidd við undirritun af innborguðu hlutafé (12,8 mkr.). 85% samningsupphæðar eru fjármögnuð með láni frá Finnish Export Credit Ltd. með bankaábyrgð Bank of Helsinki Ltd. án innlendra ábyrgða (72,2 mkr.).

Þá var undirritaður samningur við Elkem a/s, Noregi um kaup á rafbræðsluofni ásamt tilheyrandi búnaði. Samningsupphæð er NOK 5 770 000 (22,2 mkr.). 15% samningsupphæðar voru greidd við undirritun af innborguðu hlutafé (3,3 mkr.). 85% samningsupphæðar eru fjármögnuð með láni frá Exportfinans a/s, Noregi, með bankaábyrgð Garantiinstitutet for Exportfinansiering a/s (GIEK). Hluthafar, aðrir en ríkissjóður, ábyrgjast 30% af láninu (5,7 mkr.) gagnvart GIEK með milligöngu viðskiptabanka Steinullarverksmiðjunnar, en Elkem og GIEK taka á sig 70% af áhættunni.

Kaupum á vélbúnaði er þó ekki lokið. Utan áður nefndra samninga þarf að festa kaup á pökkunarvélum, rafbúnaði, loftpressum, geymum, færiböndum o. þ. h.

Þessi búnaður verður boðinn út á yfirstandandi ári. Þó hafa nú verið fest kaup á pökkunarvél fyrir rúllur frá Kaibel & Sieber, V-Þýzkalandi fyrir DEM 506 000 (5,6 Mkr.) og þriðjungur greiddur við pöntun af innborguðu hlutafé.

Við gerð samningsins við Partek var leitast við að taka sem flesta þætti út úr tilboðinu, til að hægt væri að bjóða þá út innanlands. Á það við rafbúnað, geyma, færibönd o. fl.

5.2 Byggingarframkvæmdir.

Jarðvinna var boðin út seinni hluta ársins 1983. Tekið var lágsta tilboði frá Króksverki h.f., Sauðárkróki, sem var 40,3% af kostnaðaráætlun (0,5 mkr.).

Hönnun mannvirkja er komin á lokastig og hefur steypuvinna verið boðin út. Tilboðum á að skila fyrir 15. maí 1984.

Áætlað er að framkvæmdakostnaður ársins 1984 verði um 50 mkr.

Framkvæmdir verða fjármagnadar með hlutafé og lánnum úr innlendum fjárfestingarlánasjóðum. Stjórn Norræna iðnþróunarsjóðsins hefur þegar samþykkt að lána félaginu allt að 30 mkr., gegn veði í verksmiðjunni. Iðnlánasjóður hefur samþykkt 10 mkr. lán til verksmiðjunnar.

Ekki þarf að nýta lagaheimild til að taka lán með ríkisábyrgð á yfirstandandi ári.

Um helmingur hlutafjár hefur verið greiddur. Reiknað er með, að á árinu 1984 verði innkallaðar um 20 mkr. í hlutafé. Hlutafjargreiðslur ríkissjóðs verða því um 8 mkr. á árinu.

Áætlað er að verksmiðjan geti tekið til starfa um mitt ár 1985.

6. Rekstrarskilyrði.

6.1 Almenn skilyrði.

Ekki hafa orðið verulegar breytingar á þeim forsendum, sem lagðar voru til grundvallar við arðsemisáætlanir.

Mikil samkeppni hefur verið á glerullarmarkaði og hefur hún haft í för með sér verðlækkun á innfluttri glerull. Verðlag á innfluttri steinull hefur verið stöðugt. Orsök þessa er samdráttur í nýbyggingum í V-Evrópu og þar af leiðandi slök nýting afkastagetu í þarlandum glerullar- og steinullarverksmiðjum. Bjartara er nú framundan á þessum markaði og búast má við einhverjum verðhækkunum. Mestu máli skiptir fyrir verksmiðjuna hve hratt tekst að vinna glerullarmarkaðinn hér á landi.

Einangrunarplast hækkaði aftur á móti verulega í verði á síðasta ári vegna erlendra hráefnishækkana.

Breyting á byggingareglugerð, sem hefur í för með sér auknar kröfur til einangrunarþykktar, og boða átak í endureinangrun eldra húsnæðis, styrkir og stækkar markaðinn og eru þessar aðgerðir jákvæðar fyrir verksmiðjuna.

Það sem helzt hefur vakið athygli þeirra erlendu aðila, sem skoðað hafa áætlanir um verksmiðjuna, er hið háa raforkuverð, sem reiknað er með. Miðað við núverandi taxta má búast við að verksmiðjan þurfi að greiða sem samsvarar 72 mills fyrir hverja kWst. að meðtöldu verðjöfnunargjaldi en án söluskatts. Er þetta nokkru hærra en verð til iðnaðar í Danmörku, en þar er rafmagn framleitt með olíu og kolum.

Eins og verð á raforku hefur þróast er augljóst, að betur hefði borgað sig fyrir verksmiðjuna að kaupa koksbræðsluofn, en ekki rafbræðsluofn. Miðað við núverandi gjaldskrár rafveitna er rafmagn til slíkrar bræðslu, sem hér um ræðir, ekki samkeppnisfært.

Reikna má með að raforkuverð lækki hlutfallslega hér á landi á næstu árum.

6.2 Athuganir Iðnþróunarsjóðs.

Í framhaldi af umsókn félagsins um lán úr Iðnþróunarsjóði lét sjóðurinn gera nokkuð ítarlega athugun á hugsanlegri arðsemi verksmiðjunnar.

Nokkur munur kemur fram á áætlunum félagsins um markaðinn og athugun sjóðsins. Á milli hinnar varkárari spár sjóðsins og áætlana félagsins kemur fram eftirfarandi munur:

	STV	Iðnþr.sj.
Markaður 1982—1990 m ³	þróast í 153 000	120 000
Markaðshlutdeild %	50—75	58
Verðlag kr/tonn	29 400	26 460

Arðsemi verksmiðjunnar miðað við markaðsforsendur Iðnþróunarsjóðs er vel viðunandi, en sjóðsstreymi verður neikvætt fyrstu þrjú árin.

Á þessum grundvelli hefur Iðnþróunarsjóður samþykkt lánveitinguna en bendir eigendum á, að þeir verði að útvega verksmiðjunni meira fé á fyrstu starfsárunum í formi aukins hlutafjár og/eða lána með ábyrgð hluthafa, ef mál þróast á versta veg.

6.3 Stjórn.

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1984 eru Magnús Pétursson, hagsýslustjóri, tilnefndur af fjármálaráðherra, og Jafet S. Ólafsson, deildarstjóri, tilnefndur af iðnaðarráðherra. Aðrir stjórnarmenn eru: Árni Guðmundsson, framkv.stj., formaður, Jón Ásbergsson, frkv.stj., Ólafur Friðriksson, kaupfélagsstjóri, Stefán Guðmundsson, alþingismaður og Stefán Guðmundsson, útibússtjóri.

Framkvæmdastjóri er Þorsteinn Þorsteinsson.

Aðalfundur Steinullarverksmiðjunnar 1984 verður haldinn um miðjan maí.

Þörungavinnslan h.f., Reykhólum.

Fyrirtækið starfar samkvæmt lögum nr. 107/1973. Rekstrarform þess er hlutafélag með lögboðinni meirihlutaáðild ríkisins. Ríkissjóður á nú um 99% hlutafjár. Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara, sem kosnir eru á aðalfundi. Iðnaðarráðherra fer með málefni, er varða eignaraðild ríkisins að félaginu. A. m. k. einn aðalmaður og einn varamaður í stjórn félagsins skulu vera búsettir í Austur-Barðastrandarsýslu.

Vegna stofnunar félagsins var heimild í lögum að veita ríkisábyrgð fyrir lánnum til byggingar verksmiðjunnar, ennfremur var ríkisstjórninni heimilað að láta reisa og reka hitaveitu, leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðjusvæði og styrkja byggingu hafnar fyrir verksmiðjuna.

Starfsemi.

Í fyrri skýrslu var rætt um byrjunarerfiðleika í rekstri fyrirtækisins, riftun skoðka fyrirtækisins Alginat Industries Ltd. á markaðssamningi árið 1980. Þessi atriði verða ekki rakin aftur, heldur greint frá því, hvernig starfseminni er háttað.

Starfsemi Þörungavinnslunnar h.f. er fólgin í öflun, vinnslu og sölu þörungamjöls. Þörungar, sem aflað er, eru aðallega klóþang (ascophyllum nodosum), hrossapari (laminaria digitata) og smávegis af sölvum (palmaria palmata).

Pangs er aflað með þeim hætti að bændur og fleiri aðilar við Breiðafjörð slá þangið með sláttuprómmum, sem eru í eigu Þörungavinnslunnar h.f.

Þangið er slegið víða um fjörðinn, allt frá Brjánslæk að norðan og vestan, inn eftir og út undir Stykkishólm að sunnanverðu. Einnig er slegið þang víða við eyjar og sker. Þangið er sótt til sláttumanna á vélskipinu Karlsey, sem flytur það til verksmiðjunnar.

Sláttumenn leigja prammana af verksmiðjunni og fá greitt ákveðið verð fyrir hvert tonn af öfluðu þangi.

Þarans er aflað á Karlsey með þeim hætti að skipið dregur á eftir sér sérstaka þarakló, sem rífur upp hrossaþarann.

Söl hafa verið tínd með höndum, sett í poka og flutt til verksmiðju.

Rekstur 1983.

Afli ársins 1983 er sem hér segir í samanburði við 1982:

	1983	1982
Pang	13 996 tonn	12 200 tonn
Pari	1 785 tonn	1 652 tonn
Söl	6,5 tonn	2 tonn

Vinnslan gekk tiltölulega vel árið 1983 og var lítið um alvarleg skakkaföll. Þarapurkkun hófst 20. febrúar og stóð fram að mánaðamótum apríl — maí. Þangpurkkun hófst við lok þarapurkkunar og stóð fram í septemberlok. Í október fór v/s Karlsey í slipp, en hóf síðan þaraöflun í byrjun nóvember, sem lauk skömmu fyrir jól.

Ýmsar minniháttar lagfæringar voru gerðar á þurrkara til að bæta afköst, en fyrirsjáanlegt er að breytinga er jafnframt þörf á tækjum verksmiðjunnar í þessu skyni og til að bæta gæði framleiðslunnar og mæta breyttum kröfum viðskiptavina.

Eins og kunnugt er breyttust samningar Þörungavinnslunnar h.f. við skoþka fyrirtækið A.I.L. 1980, þannig að það magn, sem áætlað var að selja því, minnkaði úr 5 000 tonnum í 1 500 tonn. Einnig lækkaði verðið mjög mikið.

Á árinu 1983 var gert átak til að leita nýrra markaða erlendis og innanlands, og hefur það skilað talsverðum árangri, í auknu magni og aðeins hærra verði. Einnig er verið að kanna notagildi þörungamjòls á ýmsum sviðum og skapa þannig nýja markaði fyrir framleiðsluna. Háir það fyrirtækinu mjög í sambandi við sölu hve rannsóknir á vegum þess hafa verið litlar.

Salan árið 1983 var sem hér segir:

Pangmjöl	3 210 tonn cif verð kr. 24 295 þús.
Paramjöl	208 tonn cif verð kr. 3 299 þús.
	Samtals cif verð kr. 27 594 þús.

Til samanburðar var heildarsala þörungamjòls 1982 um 2 200 tonn, að verðmæti 9 830 þús. kr. Útflutningur var um 94% af heildarsölu 1983.

Verulegt tap var á rekstri fyrirtækisins 1983, eða um 15 mkr. Vaxtagjöld og gengisbreytingar á lánum námu 12,7 mkr.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í árslok 1983:

	1983	Til samanburðar 1982
Rekstrartekjur	30 986 000	14 038 000
a) af rekstri	27 615 000	
b) skaðabætur	3 371 000	
Rekstrargjöld	33 229 000	18 878 000
Fjármagnsgjöld	12 674 000	4 823 000
Tap	14 917 000	9 663 000
Eignir	56 317 000	42 385 000
Skuldir	61 058 000	45 177 000
Eigið fé (neikvætt)	(4 741 000)	(2 792 000)

Að jafnaði starfa um 25 manns í verksmiðjunni og við þangslátt á sumrin hafa auk þess starfað milli 20 og 30 manns.

Iðnaðarráðherra hefur falið Rekstrarstofunni að gera úttekt á rekstri fyrirtækisins. Skýrsla er væntanleg um miðjan maí.

Horfur í rekstri.

Greiðslufjárstaða fyrirtækisins hefur verið mjög erfið fyrri hluta ársins. Kostnaðarsamar endurbætur varð að gera á skipi verksmiðjunnar. Ljóst er að taka verður rekstrargrundvöll verksmiðjunnar til endurskoðunar. Þangvinnsla er arðbær þann tíma ársins, sem hægt er að stunda hana, þ. e. frá því í lok apríl til miðs októbermánaðar. Hins vegar er vetrarstarfsemin mjög erfið. Erfiðleikar hafa verið í sölu þamjöls, og er ljóst að ekki er hægt að óbreyttu að byggja á vinnsluþara yfir vetrarmánuðina. Stjórn verksmiðjunnar hefur ákveðið að kanna grundvöll þess að hefja aftur fiskþurrkun.

Það er fyrirsjáanlegt að auka verður öflun þangs á yfirstandandi ári þar sem um aukna sölu verður að ræða. Áætlun hefur verið gerð um 28% aflaukningu eða um 4 000 tonn á árinu 1984, þannig að alls verði aflað 16 200 tonna. Hún byggist á betra og markvissara viðhaldi öflunartækja, betra skipulagi öflunarsvæða, með tilliti til sóknar, aukinni hvatningu til sláttumanna til að nýta sláttutímam og síðast en ekki sízt á vonum um hagstætt veðurfar.

Möguleiki er á aukningu á þara- og sölvafla ef um meiri sölu er að ræða á þeim mjöltegundum. En sala á þamjöli hefur gengið treglega.

Það að loka verksmiðjunni yfir vetrarmánuðina er neyðarbrauð og kemur tæpast til greina vegna þess að Þörungavinnslan er aðalvinnuveitandinn á Reykhólum.

Söluhorfur þangmjöls á árinu 1984 eru mjög góðar og er öll framleiðslan seld. Gert er ráð fyrir að framleiða 4 000 tonn af þurru þangmjöli, en árið 1983 voru framleidd 3 200 tonn.

Stjórn.

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1984: Vilhjálmur Lúðvíksson, framkv.stj., formaður, Jafet S. Ólafsson, deildarstjóri (kemur í stað Steingríms Hermannssonar, sem óskaði að vera leystur frá stjórnarstörfum er hann tók við embætti forsætisráðherra), Kjartan Ólafsson, fv. ritstjóri.

Aðrir stjórnarmenn eru Ólafur E. Ólafsson og Ingi G. Sigurðsson.

Framkvæmdastjóri Þörungavinnslunnar er Kristján Þór Kristjánsson.